



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

**Tilbrigði í máli í þremur  
miðaldahandritum Snorra-Eddu**

Ritgerð til B.A.-prófs

Sigríður Sæunn Sigurðardóttir

Maí 2011



Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslensku- og menningardeild

**Tilbrigði í máli í þremur  
miðaldahandritum Snorra-Eddu**

Ritgerð til B.A.-prófs

Sigríður Sæunn Sigurðardóttir

Kt.: 210588-2219

Leiðbeinandi: Haraldur Bernharðsson

Maí 2011

## Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram til B.A.-prófs í íslensku á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Henni er ætlað að fjalla um breytileika á málfari í þremur 14du aldar handritum Snorra-Eddu. Einkum er fengist við spurningarnar hvort skrifarar á 14du öld hafi notað sitt eigið málfar þegar þeir skrifuðu upp texta eftir gömlu handriti, hvort þeir hafi fylgt forriti sínu í hvívetna og hvaða ályktanir megi draga af samanburði varðveittra handrita um forrit handritanna.

Texti þriggja 14du aldar handrita Snorra-Eddu er hér borinn saman og skoðaður út frá völdum málbreytingum sem einkum áttu sér stað á 14du öld. Þær breytingar sem um ræðir eru: ritháttarbreytingin „vá“ > „vo“, tvíhljóðun *e* á undan *ng*, breytingar á beygingu ábendingarfornafnsins *sjá* og breytingar á beygingu óákveðna fornafnsins *engi*.

Niðurstöður gefa til kynna að skrifarar á 14du öld hafi haft tilhneigingu til að laga málfar þess texta sem þeir voru að afrita að sínu eigin máli ásamt því að taka upp gamlar orðmyndir úr forriti. Málið á handritunum er því blanda af máli skrifara og máli þess forrits sem þeir studdust við. Þá má að öllum líkindum rekja leifar af aðgreiningu *ó* og *á*, notkun gömlu kvenkyns og karlkyns nefnifallsmyndar ábendingarfornafnsins *sjá* í eintölu sem og notkun gömlu karlkyns þolfallsmyndar óákveðna fornafnsins *engi* í eintölu til forrita handritanna.

## Efnisyfirlit

Ágrip .....	1
1. Inngangur.....	4
2. Snorra-Edda, handrit og málbreytingar.....	7
3. Rannsóknaraðferð.....	10
4. Breytingin „vá“ > „vo“ .....	13
4.1. Eðli breytingarinnar.....	13
4.2. Merki breytingarinnar í R, W og U .....	14
4.3. Þátíð fleirtölu sagnarinnar <i>vera</i> .....	16
4.4. Tveir stofnar eignarfornafnsins <i>várr</i> .....	19
4.5. Tvímyndirnar <i>ván</i> og <i>vón</i> .....	20
4.6. Orðmyndin <i>vópn</i> í R.....	25
4.7. Munur á bundnu máli og óbundnu og önnur sértílvik .....	32
4.8. Vitnisburður annarra handrita um breytinguna „vá“ > „vo“ .....	36
4.9. Niðurstöður um breytinguna „vá“ > „vo“ í handritunum þremur .....	38
5. Breytingin <i>eng</i> > <i>eing</i> .....	40
6. Ábendingarfornafnið <i>sjá</i> .....	42
6.1. Breytingar á beygingu ábendingarfornafnsins <i>sjá</i> .....	42
6.2. Beygingarmyndir <i>sjá</i> í R, W og U.....	43
6.3. Vitnisburður annarra handrita um breytingar á beygingu <i>sjá</i> .....	47
6.4. Niðurstöður um breytingarnar í handritunum þremur .....	48
7. Óákveðna fornafnið <i>engi</i> .....	50
7.1. Breytingar á beygingu óákveðna fornafnsins <i>engi</i> .....	50
7.2. Merki breytinganna í R, W og U .....	52
7.3. Vitnisburður annarra handrita um breytingar á beygingu <i>engi</i> .....	56

7.4. Niðurstöður um breytingarnar í handritunum þremur .....	58
8. Lokaorð .....	60
Ritaskrá.....	64

## 1. Inngangur

Fjölmargar breytingar á máli áttu sér stað á 14du öld og koma þær með mismunandi hætti fram í handritum frá þessum tíma. Markmið þessarar ritgerðar er einkum að bera saman valin dæmi úr þremur 14du aldar handritum Snorra-Eddu í því skyni að skoða málfar skrifaranna. Engin slík kerfisbundin rannsókn hefur áður farið fram á texta Snorra-Eddu en lesbrigði hafa vissulega verið rannsökuð með hefðbundnum aðferðum textafræðinnar. Hér verður texti Snorra-Eddu rannsakaður frá sjónarhóli málsögu og þekktra málbreytinga. Einkum verður glímt við tvær spurningar:

- (1) a. Notaði 14du aldar skrifari sitt eigið málfar þegar hann skrifaði upp gamalt handrit eða fylgdi hann því máli sem var á forritinu? Hvað gerði hann þegar hann rakst á gamlar orðmyndir sem hann þekkti ekki úr sínu eigin máli? Skrifaði hann þær samviskusamlega upp eða reyndi hann að túlka þær og laga að sínu eigin máli?
- b. Hvaða ályktanir má draga af samanburði varðveittra handrita Snorra-Eddu um málið á forriti þeirra?

Þau handrit sem urðu fyrir valinu til rannsóknar voru GKS 2367 4to (*Konungsbók Snorra-Eddu*), DG 11 4to (*Uppsala-Edda*) og AM 242 fol. (*Ormsbók*). Þar sem ekki gafst kostur á að fara út í ítarlega rannsókn á öllu málfari Snorra-Eddu í þessum þremur handritum var farin sú leið að velja fjórar breytingar sem allar eru taldar hafa átt sér stað á 14du öld og leita merkja þeirra. Þær breytingar sem urðu fyrir valinu eru ritháttarbreytingin „vá“ > „vo“,

tvíhljóðun *e* á undan *ng*, breytingar á beygingu ábendingarfornafnsins *sjá* og breytingar á beygingu óákveðna fornafnsins *engi*.

Fyrir fram má búast við breytileika í málfari þegar borin eru saman handrit ólíkra miðaldaskrifara. Þá er viðbúið að skrifarar bregðist ólíkt við fornlegum einkennum í máli þeirra handrita sem þeir skrifa eftir. Hér verður leitast við að kortleggja þennan breytileika en slíkt getur aftur hjálpað til við að varpa ljósi á innbygðist samband handritanna þriggja, gefið hugmynd um málfar þeirra handrita sem þessi þrjú handrit voru skrifuð efir og rennt stöðum undir nánari aldursgreiningu handritanna.

Í stuttu máli sagt voru niðurstöðurnar þær að ekkert handritanna sýndi merki um ritháttabreytinguna „vá“ > „vo“ en áhugaverð tilbrigði í máli komu fram í þátíð framsöguháttar sagnarinnar *vera*, eignarfornafninu *várr* og kvenkyns nafnorðinu *ván*. Hvað varðar tvíhljóðun *e* á undan *ng* var Ormsbók eina handritið sem sýndi þess merki. Nokkru flóknara reyndist að fást við beygingar fornafnanna *sjá* og *engi* en þar gætti nokkurrar fjölbreytni í málfari. Þar kom til að mynda í ljós að í að minnsta kosti einu tilfelli hafa skrifarar gengið svo langt að breyta um fornafn, sennilega vegna þess að þeir hafa ekki skilið gömlu myndina.

Að jafnaði var það Ormsbókarskrifari sem hafði unglegustu málfarseinkennin en skrifari Konungsbókar þau fornlegustu. Ljóst þykir því að skrifarar hafa ekki alltaf fylgt forriti sínu fullkomlega heldur haft tilhneigingu til að skrifa sitt eigið mál í bland við að taka upp gamlar orðmyndir.

Efnisskipan í ritgerðinni er þannig: Í fyrsta kafla verða nokkur grundvallaratriði nefnd og rædd, s.s. varðandi Snorra-Eddu, handrit og málbreytingar. Í öðrum kafla verður rannsóknaraðferðin útskýrð og athugasemdir tilgreindar varðandi dæmasöfnun og tilvitnanir. Kaflar 3-6 fjalla



hver um sína málbreytingu og merki hennar í handritunum þremur. Þannig fjallar 3. kafli um breytinguna „vá“ > „vo“, 4. kafli um tvíhljóðun *e* á undan *ng*, 5. kafli um beygingu ábendingarfornafnsins *sjá* og 6. kafli um beygingu óákveðna fornafnsins *engi*. Hver kaflanna er þannig uppbyggður að fyrst verður fjallað almennt um breytinguna, þá litið á merki hennar í handritunum þremur, sértilvik útskýrð ef með þarf, samanburðarefni úr öðrum ritum tínt til og að lokum eru niðurstöður um hverja breytingu dregnar saman. Í sjöunda kafla verða niðurstöður í heild dregnar saman og ræddar út frá rannsóknarspurningunum.

## 2. Snorra-Edda, handrit og málbreytingar

Snorra-Edda er, eins og kunnugt er, eignuð Snorra Sturlusyni (1178-1241). Ekki er þó hægt að tala um Snorra sem höfund Eddu með fullri vissu þar sem aðeins eitt miðaldahandrit eignar honum verkið. Það handrit er Uppsala-Edda, DG 11 á háskólabókasafninu í Uppsölum, tímasett kringum 1300-1325. Tileinkun Snorra á verkinu birtist fremst í handritinu, framan við Gylfaginningu og hljóðar svo: „bok þessi heiter edda. hana heuer fama letta Inorri sturlo fon“ Af þessum sökum hefur skapast sú hefð að tala um Snorra sem höfund Eddu.

Hvort Snorri er höfundur Snorra-Eddu eða ekki skiptir í raun ekki meginmáli hér en ágætt er að gera ráð fyrir einhvers konar upphafspunkti verksins sem hægt er að ganga út frá. Hafi Snorri skrifað Snorra-Eddu hefur hann sennilega gert það á fyrri hluta 13du aldar. Fræðimenn telja að hann hafi sett hana saman á tímabilinu 1220-1230, eða að minnsta kosti fyrir 1241 (Faulkes 1985:16). Frá þessum tíma er þó ekkert handrit af Snorra-Eddu varðveitt. Því má segja sem svo að ef frumgerð Eddu má rekja til Snorra þá séu öll varðveitt handrit uppskrift af hinu „upprunalega“ handriti Snorra eða uppskrift af uppskriftum. Ekkert af hinum varðveittu handritum hefur að geyma „upprunalegu“ gerðina af Eddu; hún mun nú vera glötuð.

Þegar Snorra-Edda er gefin út er yfirleitt stuðst við fjögur aðalhandrit, þau eru:

- (2) a. Codex Upsaliensis DG 11 (U) frá um 1300-1325. Einnig þekkt sem Uppsala-Edda.
- b. Codex Regius GKS 2367 4to (R) frá um 1300-1350. Gengur oftast undir nafninu Konungsbók Snorra-Eddu.

- c. Codex Wormianus AM 242 fol. (W) frá um 1350. Betur þekkt sem Ormsbók eða Wormsbók.
- d. Codex Trajectinus Traj Ms. 1374 (T), frá síðasta áratug 16du aldar, einnig þekkt sem Trektarbók.

Eins og sést á tímasetningunum<sup>1</sup> er töluverður munur á áætluðum ritunartíma Snorra-Eddu og aldri elstu handritanna. Elsta handritið er tímasett frá því snemma á 14du öld en hin „upphaflega“ gerð Eddu er talin vera frá fyrri hluta 13du aldar. Bilið milli ritunartíma verksins til varðveittra handrita gæti þess vegna verið hátt í 100 ár.<sup>2</sup>

Á 100 árum getur ýmislegt gerst. Í meðferð skrifara getur texti tekið breytingum, bæði vegna mislesturs eða misritunar og svo vegna frjálstrar textameðferðar skrifara. Þá tekur tungumálið einnig breytingum. Útkomuna má sjá á mismunandi gerðum texta í varðveittum handritum. Sem dæmi mætti nefna að Gylfaginning Snorra-Eddu er töluvert styttri í Uppsala-Eddu en í Ormsbók. Þá má nefna að í Uppsala-Eddu eru tvær meyjar sagðar leynast í holdi Mímis eftir ragnarök, en í bæði Ormsbók og Konungsbók Snorra-Eddu er ekki lengur um að ræða tvær meyjar, heldur tvo menn sem fela sig í holti eða holdi Hoddmímis. Slíkur munur, þar sem munur handrita felst einkum í mismunandi orðum, flokkast sem lesbrigði eða textalesbrigði. Slík lesbrigði eru yfirleitt prentuð neðanmáls í fræðilegum textaútgáfum, svo sem í útgáfu Finns Jónssonar af Snorra-Eddu frá 1931.

---

<sup>1</sup> Tímasetningar handritanna í (2a-c) eru fengnar frá ONP. Tímasetning Trektarbókar í (2d) er frá Faulkes 1985:9

<sup>2</sup> Tímasetningar eru á reiki en gott getur verið að hafa í huga að ritunartími er ekki sá sami og tími varðveittra handrita. Þetta er mikilvægt þegar handritin eru skoðuð út frá málsögulegu sjónarhorni og þá sérstaklega þegar sjónum er beint að málfari skrifara og málfari þess handrits sem skrifarinn skrifaði upp.

Á meðan textalesbrigði hafa verið nýtt í ýmiss konar rannsóknir á textum, uppruna þeirra og sambandi hafa annars konar lesbrigði ekki fengið mikla athygli en það eru málfræðileg lesbrigði. Málfræðileg lesbrigði greina sig frá textalesbrigðum að því leyti að þau sýna mun á beygingu eða framburði einstakra orða í texta á meðan textalesbrigði snúast aðallega um mismunandi orðaval. Málfræðileg lesbrigði hafa ekki hlotið mikla athygli og í raun hefur engin rannsókn farið fram á varðveittum handritum Snorra-Eddu sem beinist sérstaklega að þeim. Það hlýtur að teljast nokkuð merkilegt, því þó að textalesbrigði séu hjálpleg og mikilvæg fyrir rannsóknir á þróun og varðveislu textans þá segja þau ekki endilega mikið um tilbrigði í máli eða þróun tungumálsins. Málfræðileg lesbrigði geta aftur á móti gert það og auk þess geta þau hjálpað til við að greina málfar skrifara og mögulega gefið hugmyndir um málfar forrits sem skrifarinn notaðist við. Til að hægt sé að gera grein fyrir mismunandi málfari verður að hafa í huga að tungumál breytast í tímans rás og íslenska er þar ekki undanskilin.

### 3. Rannsóknaraðferð

Til að afmarka rannsóknina var sjónum einkum beint að Gylfaginningu og Skáldskaparmálum. Texti Gylfaginningar hefur þann kost að vera ekki of langur, en þó nægilega langur til að nægilegur fjöldi dæma fáiist. Þá er tiltölulega lítill efnislegur munur á texta Gylfaginningar í varðveittum handritum miðað við aðra hluta Snorra-Eddu. Skáldskaparmál er aftur á móti lengri kafli og er stór hluti hans vísnabrot, upptalningar og dæmi um notkun kenninga og heita. Þá er einnig nokkur munur á Skáldskaparmálum í varðveittum handritum. Konungsbók virðist geyma lengsta og efnismesta textann. Texta Ormsbókar svipar mjög til texta Konungsbókar en þó hefur eitthvað vantað inn í hann strax á 17du öld því í miðjum Skáldskaparmálum má finna pappírinnskot með annarri hendi (Johannson 1997:42). Þar sem þetta innskot er augljóslega ekki frá 14du öld var því sleppt í rannsókninni. Texti Uppsala-Eddu er nokkuð frábrugðinn texta Konungsbókar og Ormsbókar hvað varðar orðalag, bæði í Gylfaginningu og Skáldskaparmálum en aðallega í Skáldskaparmálum. Mismunur í fjölda dæma má því yfirleitt rekja til mismunar í texta handritanna. Þó að sagt sé frá sama hlut, eða sama atburði, getur verið að orðalag sé mismunandi og því vanti orð sem sóst var eftir. Í grunninn er þó textinn ávallt sá sami.

Til að afmarka rannsóknina enn frekar voru aðeins þrjú af fjórum aðalhandritum Snorra-Eddu notuð, þ.e. Uppsala-Edda, Konungsbók Snorra-Eddu og Ormsbók. Trektarbók var undanskilin þar sem hún er mun yngri en hinar þrjár.

Þau þrjú handrit sem notast var við eru öll frá 14du öld en eins og fyrr var sagt þá er textinn eldri, eða frá 13du öld. Einnig má nefna að þó að handritin séu öll talin frá sömu öld er samt sem áður aldursmunur á þeim.

Fyrirfram má því búast við einhverjum málarsmun en sá málarsmunur getur aftur verið þrenns konar. Í fyrsta lagi er mögulegt að skrifari fylgi texta og málfari forrits í hvívetna, þ.e. skrifi textann upp með 13du aldar máleinkennum enda þótt þau samræmist ekki 14du aldar málfari skrifarans. Í öðru lagi er mögulegt að skrifarinn skrifi textann upp og breyti öllum 13du aldar máleinkennum til samræmis við sitt eigið 14du aldar málfar. Þriðji möguleikinn er sá að skrifarinn breyti sumum 13du aldara einkennum en ekki öllum. Uppskriftin geymir þá blöndu af 13du og 14du aldar málfari og jafnvel 14du aldar málarslegum nýjungum. Málarslegar nýjungar eru hér nefndar sérstaklega sökum þess að íslenska tók töluverðum breytingum á 14du öld, bæði í hljóðkerfi og beygingum. Fyrir fram má búast við að þriðji kosturinn sé líklegur.

Verklagi var þannig háttað að fyrst voru valdar nokkrar málarsbreytingar sem taldar eru hafa átt sér stað á 14du öld. Því næst voru Gylfaginning og Skáldskaparmál lesin í leit að vísbendingum um þessar fyrir fram völdu breytingar og loks voru valin dæmi úr handritunum tekin og borin saman til að sjá hvort einhver munur væri. Við lestur á Gylfaginningu og Skáldskaparmálum var stuðst við ljósprentaðar útgáfur handritanna. Það var gert til að geta séð nákvæmlega stafsetningu og hvað var skrifað fullum fetum í handritinu og hvað ekki. Í stuttu máli sagt til þess að ekki slæddust inn dæmi sem væru í raun ekki í handritunum.

Yfirlestur á handritum er tímafrekur og kostar mikla vinnu. Hann krefst einnig óskiptrar athygli yfirlesara. Þrátt fyrir að reynt hafi verið að vanda til verks verður ekki hjá því komist að einhver dæmi kunni að hafa orðið út undan eða séu rangt greind. Það er vandamál sem seint verður komist hjá. Dæmum var þó safnað eftir bestu getu og þau flokkuð og greind samviskusamlega.

Dæmi fengin úr vísnum voru sérstaklega merkt ef vera kynni að einhver munur væri á lausamálstexta og bundnu máli. Þar sem varðveisla dróttkvæða er dálítið flókin og vafasöm er viðbúið að þar finnist dæmi og orðmyndir sem annars hafa ekki verið tamar skrifara. Í talningu dæma og umfjöllun er þess þó ekki getið hvort dæmi er fengið úr bundnu máli eða lausu nema einhver sérstakur munur hafi verið þar á.

Þau dæmi sem vitnað er í eru tekin stafrétt úr handritum og eru upplausnir auðkenndar með skálettri. Stafbrigðum var að jafnaði ekki haldið nema í tilviki „f“ og „s“, en dreifing þeirra tákna gæti verið hljóðkerfisleg. Nokkuð var um að orðmyndir sem sóst var eftir væru stytтар og á það sérstaklega við um ábendingarfornafnið *sjá*. Sökum þess hve fá dæmi eru af ábendingarfornafninu *sjá* í hverju handriti fyrir sig var ekki annar kostur en að telja stytt dæmi með óstyttum. Þetta skapar dálítið vandamál þar sem sumar styttingar kunna að vera tvíræðar og svo og að stundum er óljóst hvort um er að ræða ábendingarfornafnið *sjá* eða *sá*. Styttingin „þi“ er jafnan leyst upp og túlkuð sem *þessi*. Styttingin „þna“ er jafnan talin standa fyrir *þenna* en „þn“ fyrir *þann*. Þegar leyst er upp úr styttingum í dæmum er þess þó ávallt getið með skálettri.

Til þæginda er vitnað í handritin eftir því kerfi sem auðveldast er í notkun fyrir hvert handrit. Þannig er vitnað í síðutal og hlið (recto/verso) í Konungsbók en í Ormsbók og Konungsbók er farið eftir hefðbundnu blaðsíðutali. Þá er skammstöfunin R jafnan notuð fyrir Konungsbók, W fyrir Ormsbók og U fyrir Uppsala-Eddu.

## 4. Breytingin „vá“ > „vo“

### 4.1. Eðli breytingarinnar

Breytingarinnar „vá“ > „vo“ verður fyrst vart snemma á 14du öld í breyttum rithætti orða sem áður voru rituð með rittákni fyrir /á/, s.s. „a“, „á“, „aa“, „áá“ o.s.frv., en birtast þá með rittákni fyrir o eða ó, s.s. „o“, „ó“. <sup>3</sup> Dæmi um þessa breytingu eru: *svá* > *svo*, *hvárr* > *hvorrr*, *hvárt* > *hvort*, *vápn* > *vopn*, *vánder* > *vondr* o.s.frv. Elstu þekktu dæmi um þennan breytta rithátt eru frá 1311 (Hreinn Benediktsson 2002:231), þar sem atviksorðið *svá* er ritað með „o“, og frá 1341 (Björn K. Þórólfsson 1925:XI) þar sem orði *váðir* er ritað með „o“.

Þessi breyting hefur verið túlkuð á mismunandi vegu. Björn K. Þórólfsson áleit breytinguna hafa átt sér stað í tveim skrefum, þ.e. að hún væri í raun tvær breytingar. Fyrri breytingin væri að *vá* breyttist í *vó* og sú síðari að *vó* breyttist í *vo*. Fyrri breytingunni lýsir Björn sem framvirku hljóðvarpi þar sem *v* á undan *á* olli kringingu sérhljóðsins, þ.e. *á* > *ó/ v\_*. Þeirri síðari, *vó* > *vo*, lýsir hann aftur á móti sem „hljóðrýrnun“ og telur hana hafa átt sér stað mun seinna en þá fyrri, eða ekki fyrr en eftir hljóðdvalarbreytinguna. Sú breytingin fæli þá í sér að *ó*, sem hafði tvíhljóðast á 14du öld, „missti“ tvíhljóðun sína og yrði *o* (Björn K. Þórólfsson 1925:XI-XII).

Bæði Oskar Bandle (1956:41) og Hreinn Benediktsson túlka breytinguna á annan hátt. Hreinn Benediktsson lýsir þeirri túlkun allítarlega í grein sinni *Relational Sound Change vá > vo in Icelandic* sem birtist fyrst 1979. Hann telur að hér sé ekki um hefðbundna hljóðbreytingu að ræða heldur ritháttarbreytingu. Hún skýrist af því að á 14du öld tvíhljóðaðist *á* og hlaut framburðinn [au:] í stað eldra [ɔ:]. Þetta gerðist alls staðar, nema beint á eftir *v*.

---

<sup>3</sup> Þegar talað er um rithættina „vá“ og „vo“ í handritum er átt við alla mögulega rithætti fyrir þetta samband. *v* getur verið táknað til dæmis með „v“, „u“ eða „w“; *a* með „a“, „á“, „aa“, „áá“, „æ“ o.s.frv. og *o* með „o“, „ó“, „ø“ o.s.frv.



Á eftir *v* hélt *á* sínum gamla framburði sem að öllum líkindum hefur verið [ɔ:], líkt og *o* í nútímamáli. Ritháttur hins tvíhljóðaða *á* [au:] (ritað í hdr. „a“, „á“, „aa“, „áá“ „æ“ o.s.frv.) hélst óbreyttur en það kallaði á breyttan rithátt á ótvíhljóðuðu *á* á eftir *v*. Það rittákn sem varð fyrir valinu til að tákna óbreyttan framburð *á* á eftir *v* var „o“ eða „ó“ en það var einnig notað til að tákna stuttu og löngu, miðlægu, kringdu hljóðin [o] og [o:]. Hvers vegna nákvæmlega það tákn varð fyrir valinu skýrist af því að á 13du öld var hið stutta [o] að nálgast [ɔ] í framburði. Það gerði það að verkum að hljóðgildi þess hefur líklega verið það sama og hjá *á* á eftir *v*, þ.e. [ɔ:], þó að lengdin væri enn merkingargreinandi. Við hljóðdvalarbreytinguna á 16du öld runnu þessi hljóð algerlega saman, en þá hætti lengd sérhljóða að vera merkingargreinandi og varð stöðubundin. Það ber þó að athuga að þó að sérhljóðalengd væri merkingargreinandi fyrir hljóðdvalarbreytinguna var aðgreining stuttra og langra sérhljóða í stafsetningu ávallt fremur óregluleg.

Í stuttu máli sagt hélt hið tvíhljóðaða *á* rithætti sínum en *á* á eftir *v* hélt sínum gamla framburði en fékk nýjan rithátt. Fyrir nýja rithátt *á* á eftir *v* varð rittáknið fyrir *o* eða *ó* fyrir valinu og þess vegna má sjá orð sem áður voru skrifuð „vá“ birtast með „vo“ (Hreinn Benediktsson 2002:232-233).

#### 4.2. Merki breytingarinnar í R, W og U

Handritin þrjú, Konungsbók (R), Ormsbók (W) og Uppsala-Edda (U) sýndu engin merki um ritháttarbreytinguna „vá“ > „vo“. Þau héldu öll í gamla ritháttinn „vá“ (ritað á fjölbreytta vegu, s.s. „va“, „vá“, „ua“, „uá“ o.s.frv.).

Algengasta orðið með þessum gamla rithætti var *svá*. Það er ritað fullum fetum rúmlega 100 sinnum í þeim texta sem rannsakaður var í Ormsbók, yfir 240 sinnum í Konungsbók og hátt í 200 sinnum í Uppsala-Eddu. Aldrei

nokkurn tíman birtist ritháttur með „o“. Það skal tekið fram að fjöldi dæma segir ekki til um hversu oft orðið kom fyrir heldur gefur einungis til kynna hversu oft það birtist óstytt. Annað algengt orð sem finna mátti yfir 20 sinnum í öllum handritunum er hvorugkynsnafnorðið *vápn* og kemur það fyrir í ýmsum samsetningum, s.s. *vápnþjófur*, *alvápnadr*, *vápnlauss* o.s.frv. Í öllum tilfellum, nema einu, var það ritað skv. gamla rithættinum, þ.e. með „a“. Í Konungsbók Snorra-Eddu var þó eitt dæmi þar sem rithátturinn „vöpn“ kom fyrir. Um það verður fjallað síðar (4.6.).

Önnur algeng orð rituð með rithættinum „vá“ eru spurnarfornafnið *hvárr* og óákveðna fornafnið *hvárr*. Orðum eins og *vá* (þátíð sagnarinnar *vega*), lýsingarorðinu *vándr*, *tvá* (af töluorðinu *tveir*) og *vályndr* bregður fyrir en þau eru ekki ýkja algeng. Ekki kemur á óvart að dæmin koma oft og tíðum fyrir á sama stað í texta handritanna, enda er um sama „texta“ að ræða í þeim skilningi. Hér skulu nefnd örfá dæmi:

- (3) **R** 18:14 **Hvart** hefer oþinn þat fama borðhald  
**W** 24:9 **hvart** hefer oðinn þat fama borð halldít  
**U** 21:4 **hvart** hevur oþin þat fama borþhald
- (4) **R** 14v:27 Eigi munu **vapn** eþa viþer  
**W** 34:2 ægi munu **uapn** eþa viðer  
**U** 30:22 Eigi munu **vapn** ne viþir

Í dæmunum í (3) og (4) eru skrifararnir samstiga hvað varðar rithætti. Þannig var því þó ekki alltaf háttað. Nokkur sértílvik var að finna þar sem rithátturinn „vo“ birtist en þau má skýra á annan hátt en sem merki ritháttarbreytingarinnar

„vá“ > „vo“. Þátíð sagnarinnar *vera*, persónufornafnið *várr* og kvenkynsnafnorðið *ván* voru meðal þessara sértilvika. Dæmi um þau mátti finna handritunum þremur þar sem rithátturinn „vo“ gerði vart við sig. Ekki er ástæða til að líta á að þar hafi verið á ferðinni dæmi um ritháttarbreytinguna „vá“ > „vo“. Í þessum orðum voru að öllum líkindum til tvímyndir og verða þær nánar útskýrðar í næstu köflum.

### 4.3. Þátíð fleirtölu sagnarinnar *vera*

Þó að handritin hafi ekki sýnt nein merki um ritháttarbreytinguna „vá“ > „vo“, og þar með engin merki um tvíhljóðun langs *á*, mátti í þeim finna nokkur dæmi þar sem orð voru rituð með „vó“ í stað „vá“. Sögnina *vera* var meðal þeirra en myndir hennar í þátíð fleirtölu framsöguhátti voru jafnan skrifaðar „vóru(-)“ í öllum þremur handritunum. Sökum þess hve oft sögnin *vera* var stytta var ekki unnt að finna sambærilegt textadæmi í öllum þremur handritunum þar sem hún var rituð fullum fetum. Dæmi eru þó sýnd í (5) og (6)

(5) **W** 59:27 giora iafngo[d]a gripi fem þesser uorv

U 82:9 goþa gripi fem þefir voru aþra.iiij. ok er þeir komu

(6) **R** 18r:11 Veggþili all voru þár tildut með fægnum

Þessi ritháttur stafar af því að til voru tvær myndir af stofni sagnarinnar í þátíð framsöguháttar, þ.e. *vár-* og *vór-*. Báðar beygingarnar eru sýndar í *töflu 1* hér að neðan en tilurð þeirra beggja má skýra með hljóð- og áhrifsbreytingum eins og Hreinn Benediktsson (2002:237–240) hefur gert.

## ÞÁTÍÐ FRAMSÖGUAHÁTTAR

<b>ET.</b>	1. pers.	var	var
	2. pers.	vart	vart
	3. pers.	var	var
<b>FT.</b>	1. pers.	<b>várum</b>	<b>vórum</b>
	2. pers.	<b>váruð</b>	<b>vóruð</b>
	3. pers.	<b>váru</b>	<b>vóru</b>

Tafla 1: Tvímyndir í þátíð framsöguháttar sagnarinnar *vera*.

Rótarsérhljóð fleirtölumyndanna hefur í frumnorrænu verið *á* og hefur orðið fyrir *u*-hljóðvarpi vegna *u* í endingum svo að útkoman hefur verið fjarlæga, uppmælt, kringda, langa hljóðið *ó*. Rót sagnarinnar í þátíð hefur s.s. verið *vór-*. Samkvæmt hljóðréttri þróun (Hreinn Benediktsson 2002:237) hækkaði fjarlægt *ó* í miðlægt *ó* þegar *v* fór næst á undan og áherslulétt *u* var í atkvæðinu á eftir og féll ekki brott í stórabrottfalli. Í kjölfarið féll *v* brott en það gerðist ávallt á undan kringdum sérhljóðum, öðrum en *o* og *ó*, á leið til forníslensku. Útkoman varð stofnmyndin *ór-* en henni bregður til dæmis fyrir í íslensku hómilíubókinni, Holm perg. 15 4to frá um 1200 (Larsson 1891). Sú stofnmynd lifði skammt og vék fyrir tveim öðrum myndum sem báðar höfðu orðið til við áhrifsbreytingu.

Önnur þessara mynda er myndin *vór-* en þar var *v* endurreist í framstöðu til samræmis við þátíð sagnarinnar í eintölu, *var*, *vart*, *var*. Rótarsérhljóðið í þátíðarstofninum, *ó*, tvíhljóðaðist líklega á 14du öld og fékk framburðinn [ou].

Þessi framburður er enn þekktur í íslensku og þá einkum á Norðvesturlandi (Björn Guðfinnsson 1964:190-191).

Við hlið stofnmyndarinnar *vór-* með endurreistu *v* kom upp mynd þar sem *ó* var endurreist vegna áhrifa frá öðrum sögnum í fjórða og fimmta flokki sterkra sagna til dæmis *gefa, gaf, gófu; bera, bar, bóru*. Þessi mynd hafði einnig endurreist *v* og var stofnmyndin því *vór-*. Eftir samfall *á* og *ó* um 1200 (Hreinn Benediktsson 1972:121) verður þessi mynd við hljóðréttta þróun *vár-*, rituð „*vár(-)*“, „*var(-)*“, „*uár(-)*“, „*uar(-,)*“, „*vǽr(-)*“ o.s.frv. og er það sú mynd sem rituð er í nútímamáli „*vor(-)*“ samkvæmt ritháttarbreytingunni „*vá*“ > „*vo*“. Samfallshljóð *á* og *ó* mun hafa verið [ɔ:], þ.e. mjög nálægt því sem er í nútímamáli.

Hreinn Benediktsson lýsir þessu með mynd þar sem hann telur *óro* vera elstu hljóðréttu myndina í þróun íslensku (Hreinn Benediktsson 2002:240):

$$\begin{array}{l} \text{óro} \rightarrow \text{vóro} \rightarrow \text{vóru} \\ \rightarrow \text{vóro} \rightarrow \text{váru} \rightarrow \text{voru} \end{array}$$

*Mynd 1.* Þróun fleirtölu þátíðarstofnar sagnarinnar *vera* líkt og Hreinn Benediktsson (2002:240) lýsir henni.

Nokkur önnur sértílvik sem birtust í Konungsbók má skýra með þessari sömu hljóðþróun. Þetta á við um þátíð framsöguháttar fleirtölu sagnarinnar *kveða*, þ.e. *kvóðu-*, en hún kom bæði fyrir í bundnu máli og lausu. Sama er að segja um þátíð framsöguháttar fleirtölu sagnarinnar *koma*, *kvómu-*, sem brá fyrir í lausamáli. Dæmi um þessar orðmyndir voru fá en þau eru til staðar.

Eins og gefið hefur verið til kynna höfðu öll handritin myndirnar *vórum/vóruð/vóru* en *várum/váruð/váru*, sem í nútímamáli eru algengari (og eru ritaðar með „o“), kom ekki fyrir, að minnsta kosti ekki í lausamálstexta. Þetta gæti bent til að Íslandi hafi verið mállýskumunur á 13du og 14du öld; að í sumum sveitum og héruðum hafi stofninn *vór-* verið ríkjandi í máli manna, enn í öðrum stofninn *vár-*. Þá má draga þá ályktun að skrifararnir þrír, sem allir kusu *vór-* stofninn í þátíð framsöguháttar, hafi haft sama mállýskutilbrigðið í beygingu þessa orðs. Þess ber þó að geta að í bundna málinu og þá sérstaklega í dróttkvæðum fundust dæmi um myndina *váru(-)*. Um það verður nánar fjallað í kafla 4.7.

#### 4.4. Tveir stofnar eignarfornafnsins *várr*

Þó að handritin hafi ekki sýnt neinn mun á þátíð framsöguháttar sagnarinnar *vera* þá sýndu þau áhugaverðan mun á eignarfornafninu *várr* sem bendir til að einnig hafi tveir stofnar verið til af því: *vár(-)* og *vór(-)* og er saga þeirra áþekk sagnarinnar *vera*. Því miður fannst aðeins eitt lausamálsdæmi um þetta fornafn í hverju handriti fyrir sig. Bæði Ormsbók og Konungsbók höfðu myndina *vóru* en Uppsalabók hafði *váru*:

(7) **W** 9:25-26 Sa hæiter alfóðr **voru** máli

**U** 4:13 Sa heiter alfauðr at **varo** mali

(8) **R** 2v:18 þar er **uorar** ætter komnar

Eins og sést af þessum þrem dæmum þá koma þau ekki öll fyrir á sama stað í textanum. Dæmin úr Ormsbók og Uppsala-Eddu koma reyndar fyrir á sama

stað en skrifararnir hafa valið mismunandi myndir. Dæmið úr Konungsbók er aftur á móti ekki á sama stað í textanum en það hefur sama form og Ormsbók.

Þar sem dæmin eru aðeins þrjú, eitt í hverju handriti, er varhugavert að draga víðtækar ályktanir af þeim. Ekki er þó ósennilegt að þessi ritháttarmunur endurspegli framburðarmun hjá skrifurunum þrem. Mögulegt er að skrifari Uppsalabókar hafi haft annan framburð en Ormsbókar- og Konungsbókarskrifari, þ.e. að hann hafi sagt *váru* með [ɔ:], sem samsvarar *voru* í nútímamáli, en Ormsbókar- og Konungsbókarskrifari hafa sagt *vóru* með [o:] eða [ou]. Þá hefur hann væntanlega einnig haft mismunandi framburð á þátíðarmynd sagnarinnar *vera* (þ.e. *vóru*) og eignarfornafninu *várr* (þ.e. *váru* sem samsvarar nútímaframburðinum *voru*). Sökum dæmaskorts er þó ekki hægt að komast að áreiðanlegum niðurstöðum um þetta fornafn. Málið flækist einnig þar sem bæði í Ormsbók og Konungsbók fundust dæmi um fornafnið í dróttkvæðum vísum þar sem það samræmist ekki tilgreindum dæmum í lausamáli (sjá nánar 4.7).

#### 4.5. Tvímyndirnar *ván* og *vón*

Kvenkynsnafnorðið *ván* var í handritunum ýmist ritað með rittákni fyrir *á* eða *ó*. Hér er sennilega um tvímyndir að ræða, *ván* og *vón*. Þessar tvímyndir hafa orðið til við hljóðbreytingar og áhrifsbreytingar. Í elstu íslensku hefur rótarsérhljóð orðsins verið nefkveðið, *ǫ́*. Við samfall á *ǫ́* og *é* hefur mynd orðsins orðið *vǫ́n*. Þá hefur *v* fallið brott líkt og það ávallt gerði á undan kringdum sérhljóðum öðrum en *ɔ* og *ó*. Nefjað *é* hefur síðan fallið saman við munnkveðið *ó* á 12du öld (Hreinn Benediktsson 1972:134) og hljóðrétt þróun því gefið myndina *ón*. Þetta er sýnt í *töflu 3* þar sem beyging A breytist í beygingu B.

	<b>A</b>	<b>B</b>
<b>NF.</b>	vǫ́n	> ón
<b>PF.</b>	vǫ́n	> ón
<b>PGF.</b>	vǫ́n	> ón
<b>EF.</b>	vá́nar	> vánar

*Tafla 3.* Hljóðrétt þróun *vǫ́n* í eintölu sýnd.

Myndin *ón* gat síðan þróast í tvær áttir við áhrifsbreytingar. Annars vegar gat hún orðið *vón* með „endurreisn“ *v* á undan kringdu sérhljóði eins og sýnt er í *töflu 4* ( $B \rightarrow C$ ). Hins vegar gat hún orðið *ván* með endurreisn *v* og jafnframt endurreisn rótarsérhljóðsins *ó*, sem síðar féll saman við *á* um 1200. Þessi möguleiki er sýndur í *töflu 5* ( $B \rightarrow D > E$ ).

Þess ber að geta að í grein sinni um breytinguna „vá“ > „vo“ virðist Hreinn Benediktsson (2002:238) efast um tilurð myndarinnar *vón* en Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:1152) getur þeirrar myndar í Íslenskri orðsifjabók.

	<b>B</b>	<b>C</b>
<b>NF.</b>	ón	→ vón
<b>PF.</b>	ón	→ vón
<b>PGF.</b>	ón	→ vón
<b>EF.</b>	vánar	vánar

*Tafla 4.* Þróun *ón* í eintölu með endurreisn *v*. Myndin í C hefur ekki lifað til nútímamáls



	<b>B</b>		<b>D</b>		<b>E</b>
<b>NF.</b>	ón	→	vón	>	ván
<b>DF.</b>	ón	→	vón	>	ván
<b>DGF.</b>	ón	→	vón	>	ván
<b>EF.</b>	vánar		vánar	>	vánar

*Tafla 5.* Þróun *ón* með endurreisn *v* og rötasérhljóðs *ó*. Eftir samfall *ó* og á fæst sú mynd sem sýnd er í E. Hún samsvarar þeirri mynd sem í nútímamáli er rituð „von“.

Í nýlegri doktorsritgerð fjallar Alex Speed Kjeldsen (2010a:144-147) um tilvist tvímyndanna *ván* og *vón* í Morkinskinnu, GKS 1009 fol., frá um 1275. Þau dæmi sem hann hefur fundið benda til að báðar orðmyndirnar hafi verið til. Hann nefnir að hönd A á Morkinskinnu hafi haft 17 dæmi af *vón* á móti 12 af *ván*. Dæmin af *vón* telur hann of mörg til að hægt sé að skýra þau sem leifar af aðgreiningu *á* og *ó* í forriti. Þá er einnig athyglisvert að hjá skrifara B eru öll dæmi um þetta nafnorð rituð með tákni fyrir *á*, alls 16 dæmi. Þetta bendir til þess að tvímyndir hafir verið til í þessu orði og jafnframt að skrifararnir hafi ekki verið af sama mállýskusvæði.

Miðað við þau dæmi sem fengist hafa af lestri Konungsbókar, Ormsbókar og Uppsalabókar Snorra-Eddu verður ekki annað séð en myndin *vón* hafi verið til og í máli minnsta kosti tveggja þessara 14du aldar skrifara. Bæði skrifari Konungsbókar og Ormsbókar notuðu myndina *vón* myndina en skrifari

Uppsala-Eddu kaus freka *ván*. Dreifingu dæma í handritunum þremur má sjá í *töflu 6*.

	<i>ván</i>	<i>vón</i>
<b>U</b>	7	0
<b>R</b>	1	10
<b>W</b>	3	9

*Tafla 6*. Dreifing orðmyndanna *ván* og *vón* í handritunum þremur.

Eins og sést er nokkuð greinileg skipting milli Uppsala-Eddu annars vegar og Konungsbókar og Ormsbókar hins vegar. Orðmyndin *vón* kemur aldrei fyrir í Uppsala-Eddu en er hins vegar ráðandi bæði í Konungsbók og Ormsbók. Í dæmunum í (9) sést hvernig bæði skrifari Konungsbókar og Ormsbókar hafa rita myndina *vón* á sama stað og skrifari Uppsala-Eddu hefur kosið myndina *ván*.

- (9) **R** 7v:11 þotti *øllum* mikilf illz af **vøni**<sup>4</sup> fyrft af  
**W** 20:18 þotti illz af **von** fyrft af  
**U** 16:18 þotti *ollvm* illz af **ván** fyrft af

Eins og fyrr segir er freistandi að líta þessar tvímyndir sem staðbundinn framburð líkt og *vár-* : *vór-*, jafnvel þótt báðar myndirnar hafi ekki lifað til nútímamáls. Af tvímyndunum er aðeins *ván* þekkt í nútímamáli (ritað „von“).

---

<sup>4</sup> Ritmyndin „vøni“ í Konungsbók er mögulega „ritvilla“ fyrir „vøn“ en þó getur líka verið að hér sé um orðið *væni* að ræða. Finnur Jónsson (1931:34) ritar stafrétt „vøni“ í útgáfu sinni að Snorra-Eddu. Heimir Pálsson (2003:43) ritar „væni“ í sinni útgáfu. Í *töflu 6* er þessi ritháttur talinn með dæmunum um *vón*.

Þetta gæti verið til marks um að skrifari Uppsala-Eddu hafi ekki verið frá sama landsvæði og Ormsbókarskrifari og skrifari Konungsbókar.

Athyglisvert er að þó Ormsbókarskrifari og Konungsbókarskrifari riti í flestum tilfellum *vón* þá bregður einnig myndinni *ván* fyrir. Skrifari Uppsala-Eddu ritar hins vegar ávallt myndina *ván*. Í dæmum í (10) og (11) má sjá dæmi um orðmyndirnar *ván* hjá skrifara Ormsbókar og Konungsbókar.

(10) **R** 16:4 illz **vøn** af honvm [úlfinum]

**W** 22:7 illz af honum **váán** [úlfinum]

**U** 19:2 illz af honum **van** [úlfinum]

(11) **R** 23v:24 ok þotti þa **van** at bræt mundi ná heininni


**W** 51:3 Enn er þorr fann þat ok þotti **von** at brott mundi na

**U** [Sambærilegt dæmi vantar]

Þetta mætti skýra á marga mismunandi vegu. Það gæti til dæmis endurspeglad mállýskutilbrigði, líkt og kemur fram hjá Uppsalaskrifaranum, en það gæti einnig verið runnið frá forriti Ormsbókar- og Konungsbókarskrifara. Það gæti aftur bent til að forrit þeirra tveggja hafi átt þetta einkenni sameiginlegt með Uppsalahandritinu.

Eitt dæmi í Konungsbók virðist styðja þá kenningu að forrit Konungsbókar hafi haft sama mállýskutilbrigði og Uppsala-Edda, þ.e. haft myndina *ván*. Dæmið birtist í annarri línu á síðu 19v og svo virðist vera sem skrifari hafi byrjað að skrifa „van“ en skipt síðan um skoðun og sett lykkju á a-ið. Finnur Jónsson (1931:84) ritar „q“ í útgáfu sinni og hef ég talið það sem dæmi um orðmyndina *vón* í *töflu 6*. Sambærilegt dæmi í Ormsbók hefur

ritháttinn „ván“ (W 42:30). Texti Uppsala-Eddu er á þessum stað nokkuð frábrugðinn texta Konungsbókar og Ormsbókar og því vantar dæmi þaðan. Á mynd 3 má sjá hvernig dæmið í Konungsbók lítur út.



Mynd 3. Brot af síðu 19v:2 í Konungsbók

Miðað við þau dæmi sem fundust í handritunum um kvenkyns nafnorði *ván* og dreifingu þeirra verður ekki betur séð en að til hafi verið tvímyndir af því, þ.e. *ván* og *vón*. Af þessum myndum hefur aðeins *ván* lifað til nútímamáls. Skrifari Uppsala-Eddu notaði ávallt þá mynd en skrifarar Ormsbókar og Konungsbókar kusu fremur myndina *vón* þó *ván* bregði þar fyrir.

#### 4.6. Orðmyndin *vǫpn* í R

Áður var minnst á að í Konungsbók Snorra-Eddu hafi fundist eitt dæmi um að orðið *vápn* ritað „*vǫpn*“ (4.2.). Athyglisvert er að dæmið, sem kemur fyrir í Skáldskaparmálum, er í Uppsala-Eddu og Ormsbók skrifað með hinum hefðbundna, viðbúna rithætti, „*va*“:

- (12) **R** 35r:8 Skioldr er land **vapnana**. en **vǫpn** er hagl eþa regn þes landz  
**W** 79:29 Skiolldr er land **vapnanna** en **vapn** er hagl eþa regn  
**U** 66:21 Skiol[ldr er] land **vapnanna** en **vapn** ero hagl eþa regn

Konungsbók Snorra-Eddu greinir sig hér skýrt frá hinum handritunum tveim.  
Þetta sértæka dæmi „vopn“ getur átt sér þrenns konar skýringar:

- (13) a. Þetta er raunverulegt dæmi um ritháttarbreytinguna „vá“ > „vo“, þ.e. „vápn“ verður „vopn“.
- b. Þetta er dæmi um áður óþekktu orðmyndina *vópn*, hliðarmynd af *vápn*, sbr. tvímmyndirnar *váru* og *vóru*.
- c. Þetta er ritháttur undir áhrifum úr forriti, þ.e. forriti hefur haft myndina *vópn* og skrifari Konungsbókar tekið hana upp.

Fyrsti möguleikinn (13a) er að hér sé um merki ritháttarbreytingarinnar „vá“ > „vo“ að ræða. Þessi valkostur virðist augljósastur. Við það er þó að athuga að þetta væri þá eina dæmið um þessa breytingu í Konungsbókarhandritinu sem annars hefur fremur fornleg einkenni. Skýringin virðist ekki mjög sennileg og því verður freistað að skýra dæmið á annan máta.

Orðið *vápn*, sem er hreinn hvorugkyns *a*-stofn, hefur haft *u*-hljóðvarp í öllum föllum fleirtölu nema eignarfalli. Beyging þess hefur því verið líkt og sjá má í *töflu 7* á næstu síðu, en þar er beyging hvorugkynsnafnorðsins *land* sýnd til samanburðar.

Rótarsérhljóð orðsins *vápn* eftir hljóðvarp hefur verið *ó* en það féll saman við *á* einhvern tímann um 1200 (Hreinn Benediktsson 1972:121). Áður en það gerðist gátu orðið tvenns konar sértílvik í hljóðþróun orða af þessu tagi.

Fyrri sértílvikið felur í sér að *ó* næst á eftir *v* gat hækkað og orðið *ó* þegar *u* fór í atkvæðinu á eftir. Þá féll *v* brott (brottfall *v* á undan kringdum sérhljóðum öðrum en *o/ó*). Slík þróun átti sér til að mynda stað í orðmyndum á borð við *kómu* (< *kvómu* < *kvámu*) og *óru* (< *vóru* < *váru*). Þessi breyting hefur

ekki getað átt sér stað í nefnifalli, þolfalli og eignarfalli fleirtölu orðsins *vápn*, einfaldlega vegna þess að þar er ekkert áherslulétt *u* sem hefði getað valdið hækkun *ó*. Eina mynd nafnorðsins sem þetta gæti átt við er þágufall fleirtölu, þ.e. *vópnum* > *ópnum*. Ef sú hefur verið raunin, hefur *v* væntanlega fljótlega verið endurreist fyrir áhrif annarra mynda og þágufallið þar af leiðandi orðið *vópnum* með rótarsérhljóðið.

#### EINTALA

<b>ET.</b>	<b>NF.</b>	vápn	land
	<b>ÞF.</b>	vápn	land
	<b>ÞGF.</b>	vápni	landi
	<b>EF.</b>	vápnis	lands

#### FLEIRTALA

<b>FT.</b>	<b>NF.</b>	vópnum	lǫnd	<i>u-hljóðvarp</i>
	<b>ÞF.</b>	vópnum	lǫnd	<i>u-hljóðvarp</i>
	<b>ÞGF.</b>	vópnum	lǫndum	<i>u-hljóðvarp</i>
	<b>EF.</b>	vápna	landa	

Tafla 7. Beyging hvorugkyns *a*-stofna orða

Eðlilegast virðist vera að líta sem svo á að dæmið úr Konungsbók sé í nefnifalli fleirtölu, jafnvel þó sögnin og meðfylgjandi nafnorð séu í eintölu. Umrædd breyting hefur hins vegar ekki geta átt sér stað í því falli. Þá er spurning hvort þágufall fleirtölu hafi hugsanlega haft þau áhrif að nefnifall fleirtölu breyttist úr *vópnum* í *vópnum* við áhrifsbreytingu. Til þess að það gæti hafa gerst hefur þágufall fleirtölu þurft að vera nokkuð algengt í málinu. Einföld leit í textasafni

Árnastofnunar leiðir í ljós að orði *vápn* kemur 264 sinnum fyrir í fornritum. Þar af er það 73 sinnum í þágufalli fleirtölu eða í um 28% tilvika. Hlutfallið er nokkuð hátt en gera má ráð fyrir að það væri hærra ef mögulegt væri að leita eingöngu eftir fleirtölumyndum. Sökum þess hve algengt þágufall fleirtölu er í þessum textum er ekki hægt að útiloka með öllu að það hafi haft áhrif á nefnifall fleirtölu. Sú skýring virðist þó ekki sennileg enda er myndin *vópn* annars með öllu óþekkt.

Annað sértilvik gæti verið ef *ó* hefur verið nefjað, þ.e. *ǫ*. Það hefði þá fallið saman við nefjað *ó*, þ.e. *ǫ* (Hreinn Benediktsson 1972:121); *v* hefði fallið brott og *ǫ* hefði fallið saman við venjulegt, langt, munnskveðið *ó* (Hreinn Benediktsson 1972:134). Síðar hefði *v* ef til vill verið endurreist fyrir áhrif frá öðrum myndum orðsins. Þróunin gæti því hafa verið á svipaðan veg og í kvk. nafnorðinu *ván*, þ.e. *vǫn* > *vǫn* > *ón* → *vón*. Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:1152) gefur hins vegar ekki tilefni til að gera ráð fyrir nefhljóði í orðinu *vápn* svo þessi skýring getur ekki átt við hér.

Fyrst þeirri skýringu hefur verið hafnað að þetta sé merki ritháttarbreytingarinnar „vá“ > „vo“ (sbr. 13a) og sértilvikin í hljóðþróun hafa verið útilokuð (sbr. 13b) stendur eftir einn möguleiki. *Er hér um að ræða áhrif frá forriti* (sbr. 13c)?

Um orðið *vopn* er Iversen (1972) fremur fámáll en Noreen minnst á að fleirtölumynd þess sé *vópn* á meðan eintölumyndin er *vápn* (Noreen 1923:77.11). Það kemur ágætlega heim við það sem áður var sagt um beygingu orðsins (sbr. *tafla 7*) að orðið hafi haft *u*-hljóðvarp í nefnifalli, þolfalli og þágufalli fleirtölu, en í öðrum beygingarmyndum verið hljóðvarpslaust. Spurningin vaknar þá hvort rithátturinn „vopn“ í Konungsbók gæti verið leifar af aðgreiningu *ó* og *á* í stafsetningu. Við það er þó tvennt að athuga. Í fyrsta lagi

að sögnin sem á við nafnorðið virðist vera í eintölu. Í öðru lagi að um 1200 féllu *ó* og *á* saman (Hreinn Benediktsson 1972:121) en eins og fyrr segir eru handritin öll frá 14du öld.

Varðandi fyrra atriðið má færa rök fyrir því að jafnvel þó sögnin sé í eintölu og andlag hennar þá sé eðlilegt að líta sem svo á að merkingin sé fleirtölumerking. Skrifari Ormsbókar hefur a.m.k. litið svo á því hann hefur ritað sögnina í fleirtölu fullum fetum. Þá má teljast ólíklegt eða undarlegt að skrifari hafi endað eina setningu með *vápn* í eignarfalli fleirtölu og haldið áfram að tala um þau í eintölu strax í næstu setningu.

#### EINTALA

<b>NF.</b>	<i>ó</i>	<i>á</i>	søk	<i>u-hljóðvarp</i>
<b>ÞF.</b>	<i>ó</i>	<i>á</i>	søk	<i>u-hljóðvarp</i>
<b>ÞGF.</b>	<i>ó</i>	<i>á</i>	søk	<i>u-hljóðvarp</i>
<b>EF.</b>	ár	ár	sakar	

#### FLEIRTALA

<b>NF.</b>	ár	ár	sakar	
<b>ÞF.</b>	ár	ár	sakar	
<b>ÞGF.</b>	óm	ám	søkum	<i>u-hljóðvarp</i>
<b>EF.</b>	á	á	saka	

Tafla 8. Beyging kvk. *ō*-stofna

En þó þetta „vandamál“ sé útilokað þá komum við aftur að „vandamálinu“ varðandi tímaskekkjuna á samfalli *ó* og *á*. *Getur verið að hér sé um að ræða leifar af aðgreiningu ó og á? Með réttu ætti 14du aldar skrifari ekki að gera þennan*



greinarmun enda gerir skrifari Konungsbókar það ekki að jafnaði. Svartið hlýtur að liggja í því að í forriti skrifara hefur verið gerður greinarmunur á þessum tveimur hljóðum. Sú skýring fær rökstuðning af öðru orði sem ósnortið er af breytingunni „vá“ > „vo“.

Kvenkynsnafnorðið *á*, 'vatnsfall', sýndi í fornu máli merki *u*-hljóðvarps í nefnifalli, þolfalli og þágufalli eintölu og þágufalli fleirtölu. Slíkt hið sama gerðu aðrir hreinir *ō*-stofnar, sbr. kvenkynsnafnorðið *þok*. Við samfall *ó* og *á* hvarf aðgreining þessara hljóða. Báðar beygingarnar eru sýndar í *töflu 8* en þar er kvenkynsnafnorðið *þok* einnig sýnt til samanburðar.

Á síðu 29v í Konungsbók Snorra-Eddu kemur þetta orð, þ.e. *á* 'vatnsfall', fyrir fjórum sinnum. Í þremur tilfellum er það í föllum þar sem aðgreining á *ó* og *á* gæti birst og í tveim þeirra tilvika er orðið ritað með „*o*“.

(14) **R** 29v:28 þa oð brynhildr vt á **ona** fra landi (þf. et.)

**R** 29v :30 þa geck gvðrvn á **ana** (þf. et.)

**R** 29v :31 þva ofar sin hadd í **oni** (þgf. et.)

Varla er hægt að túlka þetta á annan máta en sem leif af aðgreiningu *á* og *ó*, en það styður aftur kenninguna um að rithátturinn „*vo*pn“ sé það einnig.

Í útgáfu sinni að Alexanders sögu, AM 519 a 4to frá um 1280, getur Andrea de Leeuw van Weenen (2009:51) sér til um að aðgreiningin *ó* og *á* hafi haldist lengur í orðinu *á* 'vatnsfall' en í öðrum orðum til þess að forðast rugling við forsetninguna *á*. Þetta styður hún með því að nefna að í AM 519 a 4to eru tvö dæmi um varðveislu *ó* í orðinu *á* 'vatnsfall' án greinis, á móti þremur dæmum um rithátt með tákni fyrir *á*. Aftur á móti eru aðeins tvö dæmi um varðveislu *ó* þegar orðið birtist með greini á móti 17 dæmum þar sem það er

ritað með tákni fyrir *á*. Í Konungsbók eru bæði dæmin um varðveislu *ó* rituð með greini og því verður þessi kenning látin hér liggja milli hluta.

Í AM 468 4to, frá um 1300, er að finna nokkur dæmi um að hvorugkyns nafnordíð *vápn* sé ritað með rittákni fyrir *o* eða *ó*. Dæmin eru bæði í eintölu og fleirtölu. Jón Helgason (1962:VII-X) gefur tvær skýringar. Sú fyrri er að þetta séu leifar af aðgreiningu *ó* og *á*, sú síðari að þetta séu dæmi um breytinguna „vá“ > „vo“, en hún hefur þá átt sér stað mjög snemma í þessu orði. Dæmið sem Jón Helgason tilgreinir um eintöluna er sýnt í (15).

(15) **AM 468 4to** 16v:14 *hallgrímr hefer atgétir þann er hann hafer latið fétida til at honum íkal ekki uopn at banna verða*

Hvað varðar orðmyndina „vöpn“ í Konungsbók koma því þrjár skýringar til greina. Í fyrsta lagi er möguleiki að þar sé á ferðinni dæmi um ritháttarbreytinguna „vá“. Í öðru lagi gæti verið um að orðmyndina *vópn* að ræða, sem annars er ekki þekkt. Hún hefur þá orðið til vegna áhrifsbreytingar frá þágufalli fleirtölu, þ.e. *vópnum*. Þó sú skýringin sé ekki óhugsandi þá er hún ekki sennileg. Þriðja skýringin, og jafnframt sú sennilegasta, er að hér sé um að ræða leifar af aðgreiningu tveggja hljóða *ó* og *á*. Forrit skrifara Konungsbókar hefur þá haft rithátt sem gaf til kynna aðgreiningu þessara hljóða og skrifari Konungsbókar hefur tekið hann upp. Þetta fær rökstuðning af kvenkyns nafnordinu *á*, en á síðu 29v í Konungsbók má sjá leifar af aðgreiningu hljóðanna *ó* og *á* í beygingu þess orðs.

#### 4.7. Munur á bundnu máli og óbundnu og önnur sértílvik

Líkt og áður var nefnt voru dæmi úr bundnu máli merkt sérstaklega ef vera kynni að einhver marktækur munur væri á þeim og dæmum úr lausamálstexta. Í Gylfaginningu reyndist svo ekki vera. Ekki voru margar vísur sem innihéldu orðmyndir sem sóst var eftir en þegar þær voru til staðar reyndist enginn munur frá lausamálstextanum. Ástæðan kann að vera sú að í Gylfaginningu eru allflestar vísur undir eddukvæðaháttum og vísur undir eddukvæðaháttum eru yfirleitt ekki jafnflóknar og torskildar og vísur undir dróttkvæðum háttum. Í Skáldskaparmálum var raunin önnur. Þar er hlutfall bundins máls hærra en í Gylfaginningu og jafnframt eru fleiri vísur undir dróttkvæðum hætti. Ekki var hjá því komist að bróðurparturinn af dæmunum sem fengin voru þaðan voru úr dróttkvæðum. Í flestum tilfellum var þó engan mun að finna á bundnu máli og lausamálstexta en í einstaka tilvikum komu fram orðmyndir í bundna málinu sem ekki var að finna í lausamálstextanum. Hér skulu nefnd nokkur dæmi.

Hér að framan (4.3 og 4.4) var því haldið fram að handritin hefðu aðeins haft myndir þar sem stofninn var *vór-* í þátíð framsöguháttar sagnarinnar *vera* og í eignarfornafninu *várr*. Þetta á einungis við um lausamálstextann. Í nokkrum dróttkvæðum vísum í Skáldskaparmálum mátti finna dæmi þar sem stofninn *vár-* kom fyrir. Þetta á bæði við sögnina *vera* og eignarfornafnið *várr*. Líkt og sést á dæmunum í (16)-(17) gátu birst aðrir stofnar í bundna málinu en í lausamálstextanum, sbr. dæmi í (5)-(8). Báða stofna var því að finna innan sama handrits. Skrifari Ormsbókar hefur til að mynda bæði stofnana *vár-* og *vór-* í þátíð framsöguháttar sagnarinnar *vera* en skrifarar Konungsbókar og Uppsala-Eddu kjósa fremur *vár-* stofninn. Þetta er öfugt við það þau dæmi sem birtust í lausamálstextanum, en þar var stofninn jafnan *vór-* í öllum handritunum þremur (sbr. 4.3.).

(16) **R** 21r:24 þar er hægner harekl líþar **varu**

**W** 46:2 hlifar ftýggr þar er högg<sup>nir</sup> harekl líðar **varu**.

**U** 52:19 þar er haugnir harekl líþar **varo**

(17) **R** 35r:27 Sneið fyrir líkil ey víþafvð **vorum**

**W** 80:13 Sneið fyrir líkilæy uiða fuð **varum** þa

**U** 67:9 Sneiþ fyrir líkil ey víþa suþ **varum** þa pruþir brunt

Hvað varðar eignarfornafnið *várr* þá fundust fleiri dæmi um það í bundna málinu en í lausamálstextanum. Í lausamálstextanum var aðeins eitt dæmi í hverju handriti (sbr 3.4). Dæmin í bundna málinu eru tvö eða fleiri í hverju handriti. Þau eru hins vegar svo sundurleit að vafamál er hvort mark sé takandi á þeim eða ekki hvað varðar málfar skrifara. Ormsbókarskrifari hefur til að mynda stofninn *vár-* í tveimur dróttkvæðum vísnum en í lausamáli hefur hann stofninn *vór-*, sbr. dæmum í (5) og í (17)-(18). Ritari Konungsbókar, sem einnig hefur *vór-* stofn í lausamáli hefur myndina *várum* í bundu máli. Fjölbreyttasta úrval orðmynda er þó sennilega að finna hjá skrifara Uppsala-Eddu. Í lausamáli kemur fyrir myndin *váru* en í bundu máli kemur fyrir *órum* og jafnvel er einu sinni ritað „arum“ sem er sérkennileg mynd. Hún verður þó vart skilin á annan máta en sem eignarfornafnið *várr*.

Þess ber að geta að rannsóknin náði aðeins til orðmynda með stofninn *vár-* og *vór-* en um dreifingu *ór-* stofn sagnarinnar *vera* í þátíð framsöguháttar

og fleirtölu eignarfornafnsins *várr* í þessum handritum er lítið vitað. Þeim bregður fyrir en nákvæm dreifing er ekki þekkt.

(18) **R** 26v:26 af hnosvin **varum** heimf vafrlögi

**W** 57:29 íkala har. *um* hnof *um* **varum**

**U** 54:9 hvargi er beita borgar, þar *grimmofstum* íkala. har vin *hollvm*

**arum**, heimf vafrlögi fveimar

(19) **R** 27r:1 Upp íkvlum [**rum**]<sup>5</sup> íverþum

**W** 58:7 Upp íkolum **varum** suerðum

**U** 30r:21-30r:22 Vpp íkulum **orvm** suerþum ulf tannlitöþr glitra

Dæmi sem þessi má skýra á fjölbreytta vegu. Ekki þarf að vera að skrifari hafi haft báðar myndir í máli sínu. Líklegt verður að teljast að sú mynd sem notuð var í lausamálstextanum hafi verið nærtækari skrifaranum en þær undantekningar sem birtast í dróttkvæðunum. Ástæðan fyrir því er sú að dróttkvæði eiga til að vera fremur flókin og jafnvel óskiljanleg. Mörg þeirra eru illa varðveitt, sum aðeins í brotum og ekki er alltaf víst að skrifarar hafi skilið nákvæmlega það sem þeir voru að skrifa upp. Þegar skilningur á texta brást hefur skrifari sennilega haft tilhneigingu til að skrifa upp sem nákvæmast það sem var í forriti. Líklegt er að slíkt hafi átt sér stað í dæmum í (20) þar sem þar

---

<sup>5</sup> Gat er í skinninu í Konungsbók þar sem hornklofarnir eru. Finnur Jónsson (1931:119) les „varvm“

sem kvenkynsnafnorðið *vá* 'hætta' er ritað með „vo“ í Konungsbók og Ormsbók. Sambærilegt dæmi vantar í Uppsala-Eddu en vísubrotið kemur fyrir í Skáldskaparmálum og er úr *Dórsdrápu* Eilífs Goðrúnarsonar.

(20) **R** 25r:7 fotti *ferþ* aflotta flef drott **ivonefia**<sup>6</sup>

**W** 53:21 fotti *ferð* a flotta flef drott i **uq** nefia þa er

**U** [Sambærilegt dæmi vantar]

Finnur Jónsson (1912-1915:142) samræmir textann í *Skjaldedigting B I* og ritar þar orðið „vó“ með aðgreiningu *ó* og *á*. Merking vísubrotsins mun því vera 'þeir lögðu á flotta í hattu'.

Óákveðna fornafrnið *hvárr* kemur einnig fyrir í bundnu máli í Ormsbók og Konungsbók með rithættinum „vo“. Athygli vekur að sú ritmynd birtist aðeins örfáum línum á eftir dæmunum í (20) og eru úr sama dróttkvæði, þ.e. *Dórsdrápu* Eilífs.

(21) **R** 25r:12 hvf ftiori brat **hvorv** hregf vafreyþa tuegia

**W** 53:25 þrungu hof ftiori braut **hvoru** hreggs vaf rayða tueggia

**U** [Sambærilegan texta vantar]

Finnur Jónsson (1912-15:142) fer líkt að og með kvenkynsnafnorðið *vá*, þ.e. ritar „hvóru“ í samræmingu textans. Það mun vera rétt mynd fyrir kvenkyn

---

<sup>6</sup> Rithátturinn í Konungsbók er sérkennilegur. Einna helst lítur út fyrir að þarna standi „w“ með lykkju. Finnur Jónsson (1931:109) ritar „ivonesia“. Sá lesháttur fæst ef ritháttur í Konungsbók er túlkaður sem „i“ + „p“, þ.e. eyleturs *v*.

eintölu nefnifall fornafnsins (Noreen 1923:320, §474.2). Merking vísubrotsins er þá samkvæmt Finni Jónssyni ‘vagnstjórinn braut hrygg beggja tröllkvennanna’.

Eilífur Goðrúnarson hefur verið uppi í lok 10. aldar og hefur *Þórsdrápa* lengi verið talið torskilið kvæði (*Íslensk bókmenntasaga I* 2006:205-206). Sökum aldurs er því ekkert ósennilegt að í kvæðinu kunni að vera leifar af aðgreiningu *ó* og *ó*. Vafasamara er að gera ráð fyrir að hér sé um ritháttarbreytinguna „vá“ > „vo“ að ræða. Kvæðið er torskilið og sennilega hafa skrifarar handritanna reynt að fylgja forriti sínu sem nákvæmast án þess endilega að skilja það sem þeir skrifuðu.

Dæmin í dróttkvæðunum geta vart talist marktæk hvað varðar málfar skrifara, til þess eru þau of sundurleit. Þau eru þó marktæk að því leyti að þau sýna að sömu reglur virðast ekki gilda um varðveislu málfars í bundu máli og lausamáli. Af þeim dæmum sem safnað var úr Gylfaginningu og Skáldskaparmálum kom í ljós að orðmyndir sem voru í lausamálstexta fundust einnig í bundna málinu, en orðmyndir sem voru í bundna málinu fundust ekki allar í lausamálstexta. Þetta gæti bent til þess skrifarar hafi haft meiri tilhneigingu til færa lausamálstextana nær sínu eigin máli heldur en dróttkvæðar vísur sem þeir skildu hugsanlega ekki fyllilega. Þá má ætla að ýmsar orðmyndir og rithættir sem finna má í bundnu máli en ekki lausu veiti innsýn í forrit skrifara.

#### **4.8. Vitnisburður annarra handrita um breytinguna „vá“ > „vo“**

Líkt og fyrr sagði eru elstu dæmi um breytinguna „vá“ > „vo“ frá fyrri hluta 14du aldar, þ.e. frá 1311 (Hreinn Benediktsson 2002, bls. 231) og 1341 (Björn K. Þórólfsson 1925, bls XI).

Í AM 350 fol, Skarðsbók Jónsbókar frá miðri 14du öld, er mögulega eitt dæmi um breytinguna „vá“ > „vo“ þar sem *þvá* er ritað „þuð“. Jón Helgason segir þó að dæmið sé óljóst og sennilega um ritháttarvillu að ræða enda rittáknið „ð“ að jafnaði ekki notað í handritinu fyrir langt ó (Jón Helgason 1926:51).

Í Morkinskinnu, GKS 1009 fol. frá um 1275, er ekki að finna dæmi um ritháttarbreytinguna „vá“ > „vo“. Rithátturinn „vo“ kemur sannarlega fyrir í kvenkynsnafnorðinu *ván* en þar mun vera um myndina *vón* að ræða. Sömu sögu er að segja um ritháttinn „vo“ í þátíð fleirtölu framsöguháttar sagnanna *vera*, *kveða* og *koma* (Alex Speed Kjeldsen 2010:144-145).

AM 468 4to, frá um 1300, inniheldur ekkert áreiðanlegt dæmi um breytinguna. Jón Helgason (1962:X) nefnir þó að hún birtist mögulega í orðinu *vápn* en það er nokkrum sinnum ritað með tákni fyrir *ó* eða *o* bæði í eintölu og fleirtölu. Við nánari athugun á dæminu sem Jón Helgason nefnir um eintölu orðsins kemur í ljós að mögulegt er að túlka það sem fleirtölu og þar af leiðandi sem leif af aðgreiningu *ó* og *á*. Þá birtast báðar myndir kvenkynsnafnorðsins *ván*, þ.e. *ván* og *vón*. Sömu sögu er að segja um þátíð fleirtölu framsöguháttar sagnarinnar *vera*, þ.e. *vóru-* og *váru-*.

Í Möðruvallabók, AM 132 fol. frá seinni hluta 14du aldar, eru 40 dæmi um ritháttinn „vo“. 38 þeirra koma fyrir í þátíð fleirtölu framsöguháttar sagnarinnar *vera* og má því gera ráð fyrir *vór-* stofni í þeim tilfellum. Tvö dæmanna komu fyrir í kvenkyns nafnorðinu *ván* en það orð er annars ritað 115 sinnum með rittákni fyrir *á*. Dæmin tvö má líta á sem afbrigði af *vón* mynd orðsins (sbr. 4.5.). Í Möðruvallabók er því ekki að finna skýr dæmi um ritháttarbreytinguna „vá“ > „vo“ (de Leeuw van Weenen 2000:66). Í



Guðbrandsbiblíu frá 1584 er breytingin hins vegar gengin í gegn og er þar ekki að finna neitt dæmi um gamla ritháttinn „vá“. (Bandle 1956:41)

#### 4.9. Niðurstöður um breytinguna „vá“ > „vo“ í handritunum þremur

Jafnvel þó að ekkert skýrt dæmi hafi fundist um ritháttarbreytinguna „vá“ > „vo“ í handritunum þremur sýna þau engu að síður áhugavert tilbrigði í málvari hvað varðar nafnorðin *ván/vón*, þátíð framsöguháttar sagnarinnar *vera* og eignarfornafnið *várr*.

Skrifarar handritanna þriggja hafa í máli sínu allir hafa haft *vór*- stofn í þátíð fleirtölu framsöguháttar sagnarinnar *vera*. Þessi stofn hefur varðveist til nútímamáls en er á undanhaldi. Í eignarfornafninu *várr* virðist skrifari Uppsala-Eddu hafa haft stofninn *vár*- en bæði Konungs- og Ormsbókarskrifari *vór*-. Dæmin eru þó of fá til að hægt sé að fá marktæka niðurstöðu hvað það varðar. Í dróttkvæðum vísum var að finna stofninn *vár*- bæði í þátíð framsöguháttar sagnarinnar *vera* og eignarfornafnsins *várr*. Sökum fjölbreytileika í dæmum í dróttkvæðum vísum gefa þær ekki góða hugmynd um málvar skrifara. Dróttkvæðar vísur eiga til að vera flóknar og torskildar og því má ætla að skrifarar hafi verið tregari til að breyta málvarinu í þeim en lausamálstextanum. Í dróttkvæðum vísum koma því sennilega fram meiri áhrif frá forriti skrifara en í lausamáli.

Í dæmum um kvenkynsnafnorðið *ván* kom í ljós að til hefur verið tvímynd þess *vón*. Handritin þrjú skiptust í tvo hópa í notkun tvímyndanna. Skrifari Uppsala-Eddu hefur haft *ván* í sínu máli en skrifarar Ormsbókar og Konungsbókar *vón*. Þetta hefur sennilega verið mállýskutilbrigði sem ekki hefur lifað til dagsins í dag. Samanburður á handritunum þremur leiðir í ljós að hugsanlega hefur forrit Konungsbókar og Ormsbókar haft myndina *ván*. Þessi

ályktun er byggð á því að í Ormsbók voru þrjú dæmi um *ván* á móti níu dæmum um *vón* og í Konungsbók var eitt dæmi af *ván* á móti tíu af *vón*. Þá var eitt dæmi í Konungsbók þar sem skrifari virðist hafa byrjað að rita *ván* en skipt síðan um skoðun og sett lykkju á a-ið, mögulega í því skyni að breyta því í *vón*. Einnig kom í ljós að Konungsbók virðist varðveita leifar af aðgreiningu hljóðanna *á* og *ó*. Þau dæmi sem sýna þessa aðgreiningu eru sennilega runnin beint frá forriti skrifara enda hafa 14du aldar skrifarar ekki haft þessa aðgreiningu í máli sínu. Konungsbókarskrifarinn sýnir þar af leiðandi „fornlegustu“ einkennin af handritunum þrem.

## 5. Breytingin *eng* > *eing*

Snemma á 14du öld átti sér stað tvíhljóðun *e* á undan *ng*. Breyting birtist í handritum með breyttum rithætti orða, þ.e. orð sem áður voru rituð með „eng“ skjóta upp kollinum með rithættinum „eing“ og er *i*-ið til marks um tvíhljóðunina (Björn K. Þórólfsson 1925:XII–XIII).

Í öllum þremur handritunum er að finna dæmi um ritháttinn „einga“ í sambandinu „einga dóttir“. Rithátturinn birtist einu sinni í Uppsala-Eddu og tvisvar í Ormsbók og Konungsbók. Í öll skiptin erum sama textabút að ræða, brot úr dróttkvæðri vísu eftir Hallfred vandræðaskáld. Hér er ekki um óákveðna fornafnið *engi* að ræða. Merkingin er ‘einka dóttir’ og er *ei* í þessu tilviki upprunalegt og því ekki merki um tvíhljóðun (Jón Helgason 1926:52).

Merki um tvíhljóðun var aðeins að finna í Ormsbókarhandritinu og eingöngu í óákveðna fornafninu *engi* sem stundum var ritað „eingi“ með „ei“ í stað eldra „e“ á undan *ng*. Af þeim 44 skiptum sem fornafnið birtist í Gylfaginningu og Skáldskaparmálum voru 20 dæmi um ritháttinn „ei“, þ.e. tæplega helmingur dæmanna. Sex dæmi voru um ritháttinn „æi“ á undan *ng*, þar af var eitt misritun fyrir *eigi*. Ritháttur með „æ“ mun jafnan vera talinn til norskra skriftaráhrifa (Stefán Karlsson 1989:40). Hann kemur ekki fram í Konungsbók og Uppsala-Eddu.

Merkilegt er að umræddur tvíhljóðsritháttur í Ormsbók birtist aðeins í nefnifalli og þolfalli fornafnsins *engi* og var ekki að finna í öðrum orðum í handritinu. Orð á borð við *lengi* (ao.), *gengur* (3. p. ft. þt. af *ganga*) og *England* eru ávallt rituð með „eng“. Þetta rímar illa við ummerki tvíhljóðunarinnar í Möðruvallabók, AM 132 fol. frá seinni hluta 14du aldar. Þar er eru í heildina 171 tilfelli rituð með „ei“ á móti 1414 með „e“. Fornafnið *engi* sýnir þar hins vegar aldrei merki um tvíhljóðun (de Leeuw van Weenen 2000:63–64).

Morkinskinna, GKS 1009 fol. frá um 1275, sýnir engin merki um tvíhljóðun *e* á undan *ng* (Alex Speed Kjeldsen 2010a:141). Sömu sögu er að segja um AM 350 fol., frá miðri 14du öld (Jón Helgason 1926:52). Í AM 468 4to, frá um 1300, birtast hins vegar merki um tvíhljóðun nokkrum sinnum. Ritháttur sem sýnir ekki tvíhljóðun er þó mun algengari (Jón Helgason 1962:X).

Í Guðbrandsbiblíu, frá 1584, er breytingin gengin í gegn og ritháttur á borð við „eingill“, „eingenn“ og „geingur“ allsráðandi. (Bandle 1956:45–46).

Ólíklegt hlýtur að teljast að Ormsbókarskrifari hafi fengið sinn „nýja rithátt“ frá forriti sínu. Því til stuðnings má nefna að hann birtist aldrei í hinum handritunum tveim, Konungsbók og Uppsala-Eddu, en þau eru jafnan talin eldri. Hér mun því um að ræða málfarslegar nýjungar frá 14du öld sem Ormsbókarskrifari er einn þessara þriggja skrifara um að skrifa og er hann því sá „nú tímalegasti“ af þessum þrem skrifurum í þessu samhengi.

## 6. Ábendingarfornafnið *sjá*

### 6.1. Breytingar á beygingu ábendingarfornafnsins *sjá*

Beyging ábendingarfornafnsins *sjá* hefur breyst töluvert frá forníslensku. Katrín Axelsdóttir hefur fjallað um forsögu þess, eldri athuganir og þróun í grein sinni „Saga ábendingarfornafnsins *sjá*“ (Katrín Axelsdóttir 2004). Alex Speed Kjeldsen (2010b) hefur einnig fjallað um fornafníð í greininni „Bemærkninger til pronomenet *sjá* og dets middelalderlige historie“. Hér verður látið nægja að minnast á helstu atriði.

Þær beygingarmyndir fornafnafnsins sem hafa tekið einhverjum breytingum frá fornmáli eru karlkyn og kvenkyn í nefnifalli eintölu, karlkyn þolfall eintölu, kvenkyn þágufall og eignarfall og loks eignarfall fleirtölu allra kynja. Fornabeygingin ásamt breytingum er sýnd í töflu hér að neðan.<sup>7</sup>

EINTALA			
	KK.	KVK.	HK.
NF.	<b>sjá</b> → <b>þessi</b>	<b>sjá</b> → <b>þessi, þessor</b>	þetta
ÞF.	þenna → þennan	þessa	þetta
ÞGF.	þessum, þeima	<b>þessi</b> → <b>þessari</b>	þessa, <i>þvísa</i>
EF.	þessa	<b>þessar</b> → <b>þessarar</b>	þessu
FLEIRTALA			
NF.	þessir	þessar	þessi, þessor
ÞF.	þessa	þessar	þessi, þessor
ÞGF.	þessum, þeima	þessum, þeima	þessum, þeima
EF.	<b>þessa</b> → <b>þessara</b>	<b>þessar</b> → <b>þessara</b>	<b>þessa</b> → <b>þessara</b>

Tafla 9. Beyging fornafnafnsins *sjá* og breytingar á því.

<sup>7</sup> Taflan er byggð á Iversen (1972:87) líkt og allar aðrar beygingartöflur

Beygingarmyndir sem tekið hafa breytingum og skipta máli fyrir rannsóknina eru feitletraðar og nýjar beygingarmyndir sýndar á eftir örvunum, einnig feitletraðar. Skáletraðar beygingarmyndir eru norskar að uppruna en finnast þó oft í íslenskum handritum. Engin dæmi fundust um þau í handritunum þrem. Á öðrum stöðum þar sem gefnar eru upp tvær beygingar er um tvímyndir að ræða og er sú síðarnefnda þá óalgengari. Óalgengari myndirnar var heldur ekki að finna í þeim þremur handritum sem skoðuð voru fyrir utan eitt dæmi um *þeima* í dróttkvæðri vísu.

Þær beygingabreytingar sem nefndar eru hér áttu sér ekki stað allar í einu. Breytingin *þenna* → *þennan* hófst til að mynda ekki fyrr en á 15du öld en breytingin *þess-* → *þessar-*, þ.e. að stofninn varð tvíkvæður í stað einkvæður í kvenkyni þágufalli og eignarfalli eintölu og eignarfalli fleirtölu allra kynja, hefst hugsanlega á 13du öld. Breytingin *sjá* → *þessi* er þó líklega elst en nefnifallsmyndina *þessi* má finna í 13du aldar handritum, þótt hún sé ekki ýkja algeng. Þegar kemur fram á 14du öld er myndin *þessi* orðin mun algengari en eldri beygingarmyndin *sjá* og á 15du öld er *sjá* nærri horfið. Katrín Axelsdóttir segir óvíst hvenær breytingunni *sjá* → *þessi* hafi lokið. Hún nefnir 15du öldina en segir þó að breytingunni gæti jafnvel hafa verið lokið þegar á 14du öld (Katrín Axelsdóttir 2004: 57).

## 6.2. Beygingarmyndir *sjá* í R, W og U

Nefnifallsmyndina *sjá* mátti finna bæði í Konungsbók og Ormsbók. Í Konungsbók birtist hún þrisvar, einu sinni í Gylfaginningu og tvisvar í Skáldskaparmálum. Í Ormsbók voru tvö dæmi, bæði í Skáldskaparmálum. Bæði handritin höfðu oftast myndina *þessi*. Í Uppsala-Eddu var einung að finna

nefnifallsmyndina *þessi* en þar voru dæmi um fornafnið tiltölulega færri en í Ormsbók og Uppsala-Eddu. Yfirlit yfir nefnifallsmyndir *sjá* má í *töflu 10*.

	KK		KVK	
	<i>sjá þessi</i>		<i>sjá þessi</i>	
<b>R</b>	1	5	2	1
<b>W</b>		4	2	2
<b>U</b>		2		

*Tafla 10.* Dreifing kvenkyns eintölu nefnifallsmynda fornafnsins *sjá*. Öll dæmin um myndina *sjá* í kvenkyni koma fyrir í Skáldskaparmálum.

Þegar dæmið um karlkynsmyndina *sjá* í eintölu nefnifalli í Gylfaginningu Konungsbókar er borið saman við samsvarandi staði í Uppsala-Eddu og Ormsbók kemur í ljós að bæði Uppsalabókarskrifarinn og Ormsbókarskrifarinn hafa valið að nota annað fornafn þar sem Konungsbókarskrifarinn ritar *sjá*.

- (22) **R** 11r:10 en *her mvn **fa** litia nær er vita mvnu faun tíþindi af at legia*  
**W** 26:32 *enn her mun **fa** litia nær er uita sonn tíðindi af at legia*  
**U** 24:6 en nær lítr **fa** er veit. *ok muntv þui trva at hann mun eigi livga*

Eins og fyrr var nefnt hefur beygingarmyndin *sjá* líklega verið talin fremur fornleg þegar á fyrsta hluta 14du aldar enda notar Konungsbókarskrifari karlkynsmyndina *þessi* fimm sinnum á móti þessu eina dæmi um *sjá*. Sennilega má rekja þetta dæmi til þess forrits sem Konungsbókarskrifari hafði fyrir framan sig þegar hann skrifaði upp Gylfaginningu. Ólíklegt er að hann hafi sett inn

eldri beygingarmynd, sem var við það að hverfa úr málinu, í stað yngri myndar sem var orðin töluvert algengari eða þá skipt út öðru vel þekktu ábendingarfornafni (*sá*) fyrir eldri mynd annars fornafns. Líklegra er að í forriti hafi verið *sjá* og þá er mögulegt að bæði Ormsbókar- og Uppsalaskrifara hafi þótt sú beygingarmynd framandi og túlkað hana sem ábendingarfornafnið *sá*; það hefur vissulega svipaða merkingu þó að blæbrigðamunur sé á.

Ekki er þó alveg útilokað að skrifari Ormsbókar hafi þekkt til myndarinnar *sjá*. Í nefnifalli eintölu kvenkyns fundust tvö dæmi um þá mynd í Ormsbók. Annað dæmið, sem er í (23), er einnig að finna í Konungsbók og eiga dæmin það sameiginlegt að „s“-ið í *sjá* er upphafsstafur. Í Ormsbók hefur „s“-ið reyndar máðst út og er ólesanlegt en ekki fer á milli mála að þar eigi að vera „s“. Hitt dæmið, sem er í (24), á sér enga samsvörun í Konungsbók. Mögulegt er að ábendingarfornafnið hafi fallið niður við misgáning en ósennilegra er að skrifari Ormsbókar hafi tekið upp á því að bæta inn mynd fornafns sem annars virðist ekki hafa verið honum mjög tamt.

(23) **R** 19r:30 **Sia** faga er til þes at oþinn for heiman *ok kom þar*

**W** 42:23 [**S**]ia faga er til þeff at oðinn for heiman *ok kom þar*

(24) **R** 34v:5-6 en faga er til þes

**W** 78:26 enn **fia** faga er til þeff [K]ongr ía er hogní

**U** 81:2 En **fu** faga er til þeff at konungr het haugni

Konungsbók hefur vissulega flest dæmi um nefnifallsmyndina *sjá*, þrjú dæmi á móti tveim í Ormsbók. Af því mætti draga þá ályktun að Konungsbókarskrifari



varðveitti eldri máleinkenni. Grunsamlegt þykir þó að skrifarinn hafi á einum stað fellt niður dæmi um mynd þessa fornafns þar sem skrifari Ormsbókar hefur ritað það (24). Skrifari Uppsala-Eddu hefur þó farið líkt að og í (22), þ.e. breytt kvenkynsmyndinni *sjá* annað ábendingarfornafn, *sá*.

Þó að skrifarar handritanna þriggja kjósi fremur nýrri nefnifallsmyndina *þessi* þá halda þeir sig annars staðar aðallega við eldri beygingarmyndir. Karlkynsmyndin *þenna* kemur nokkrum sinnum fyrir en aldrei nýja myndin *þennan*. Sömu sögu er að segja um kvenkyn eintölu þágufall, *þessi*, nýja myndin *þessari* kemur ekki fyrir. Aðeins Ormsbókarskrifari kaus að nota hvorugkyn fleirtölu eignarfall *þessara* í stað eldra *þessa* líkt og sjá má í dæmunum í (25).

(25) **R** 6r:17 En *sumar atburðer til þessa* heita hafa

**W** 17:25 Enn *sumar atburðer til þessara* heita hafa

**U** 12:26 En *sumir atburðir til þessa* heita hava

Ormsbókarskrifari kann einnig að vera *sá* eini sem notar kvenkyn eignarfall eintölu *þessarar* í stað eldra *þessa* en dæmið er óljóst þar sem orðmyndin er bundin „þr̄ar“ og því gæti þar allt eins verið um að ræða fornafnið *sá*, í kvenkyni eignarfalli eintölu, *þeir(r)ar*. Sé tekið mið af því sem stendur í Konungsbók mætti ætla að frekar væri um að ræða nýju eignarfallsmyndina af fornafninu *sjá*, þ.e. í kvenkyni eignarfalli eintölu *þessarar*, heldur en hið hefðbundna eignarfall af fornafninu *sá*, þ.e. í kvenkyni eignarfalli eintölu *þeir(r)ar*. Dæmið í Ormsbók gefur þó engar vísbendingar útaf fyrir sig og því er best að fara varlega í fullyrðingum um það.

(26) **R** 14v:15 En *þat* er upphaf **þesar** saugu. at baldr

W 33:25 Enn þat er upphaf þr̄ar fōgu at balldr

U [Sambærilegan texta vantar]

Ekkert handritanna innihélt beygingarmyndir sem jafnan eru taldar norskar. Aðeins eitt dæmi fannst um beygingarmyndina *þeima* í þágufalli karlkyni eintölu, en það dæmi kom fyrir í dróttkvæðri vísu.

### 6.3. Vitnisburður annarra handrita um breytingar á beygingu *sjá*

Samkvæmt Birni K. Þórólfsyni (1925:46–47) er myndin *sjá* algeng fram undir 1400. En eftir það er hún fremur sjaldgæf. Þá segir hann að nýja þolfallsmyndin *þennan* sé algeng á 15du öld. Aðrar myndir, nýjar og gamlar eru notaðar jafnhliða á 14du og 15du öld.

Í Morkinskinnu, GKS 1009 fol. frá um 1275, er hlutfall nýju myndanna í nefnifalli eintölu karlkyni og kvenkyni örlítið hærra en þeirra gömlu. Í karlkyni kemur *þessi* 29 sinnum fyrir en *sjá* 18 sinnum. Í kvenkyni eru 14 dæmi um *sjá* en 19 um *þessi*. Gamla karlkyns þolfallsmyndin í eintölu birtist 25 sinnum en nýja myndin kom ekki fyrir. Ekki var að finna þríkvæðar myndir í kvenkyni þágufalli og eignarfalli eintölu (Alex Speed Kjeldsen 2010:429).

Í AM 519 a 4to, frá um 1280, kemur gamla nf. myndin *sjá* þrisvar fyrir í karlkyni eintölu á móti 46 dæmum af *þessi*. Í kvenkyni er aðeins að finna nýju myndina *þessi*. Breytingin *þenna* → *þennan* í þolfalli eintölu karlkyni er ekki hafin og engin dæmi eru um þríkvæðar myndir í þágufalli og eignarfalli kvenkyni eintölu (de Leeuw van Weenen 2009:73)

Í Möðruvallabók, AM 132 fol. frá seinni hluta 14du aldar er nefnifallsmyndin *sjá* orðin sjaldgæfari en *þessi*. Reyndar er munur á karlkyni og kvenkyni. Í karlkyni er hlutfallið svipað, 40 dæmi um *sjá* en 49 um *þessi*. Í

kvenkyni er nýja myndin *þessi* helmingi algengari en sú gamla, 43 dæmi á móti 21. Þá eru gömlu tvíkvæðu myndirnar í þágufalli og eignarfalli kvenkyni eintölu ráðandi. Aðeins eru tvö dæmi um eignarfallið *þessarar*, á móti 18 um *þessi*, og eitt um þágufallið *þessari* á móti 68 um *þessi* (de Leeuw van Weenen 2000:66).

Í Nýja Testamenti Odds Gottskálkssonar frá 1540 kemur gamla nefnifallsmyndin *sjá* tvisvar fyrir. Annars er yngri myndin *þessi* ráðandi. Í þolfalli eintölu karlkyni er myndin *þennan* algengari, myndin *þenna* er þó notuð í einhverjum tilfellum. Kvenkyns myndirnar í þágufalli og eignarfalli eintölu eru ávallt *þessari* og *þessarar* (Jón Helgason 1929:80).

Í Guðbrandsbiblíu frá 1584 er einungis að finna nefnifallsmyndina *þessi*. Dæmin tvö um *sjá* í Nýja Testamenti Odds hafa verið breytt í *sá*. Þolfallsmyndin í karlkyni eintölu er oftast *þennan*. Tvíkvæðu myndirnar í þágufalli og eignarfalli eintölu kvenkyni, *þessari* og *þessarar* eru ráðandi en gömlu myndirnar *þessi* og *þessar* birtast einnig (Bandle 1956:41).

#### **6.4. Niðurstöður um breytingarnar í handritunum þremur**

Eldri beygingarmyndir fornafnsins *sjá* voru jafnan ráðandi í handritunum þremur ef frá er talið nefnifall eintölu kvenkyns og karlkyns. Þar var beygingarmyndin *þessi* algengari. Gömlu nefnifallsmyndina *sjá* mátti þó finna bæði í Konungsbók og Ormsbók en ekki í Uppsala-Eddu. Þegar dæmi um nefnifallsmyndin *sjá* eru borin saman við samsvarandi staði í hinum handritunum sést að á skrifarar hafa haft tilhneigingu til að breyta fornafninu í annað fornafn, í karlkyni *sá*, í kvenkyni *sú* (sbr 16 og 18) eða jafnvel fella það brott (18). Þetta bendir til að myndin hafi verið skrifurunum framandi. Ekki er ósennilegt að í forritum skrifaranna hafi verið að finna einhverja blöndu af notkun nefnifallsmyndanna *sjá* og *þessi* enda er myndin *þessi* orðin nokkuð

algeng þegar á 13du öld. Hvað sem því líður þá hafði Konungsbók flest dæmi um gömlu nefnifallsmyndina *sjá* og því virðist hún varðveita fornlegustu einkennin. Að öllum líkindum eru dæmin runnin frá forriti skrifara. Ormsbók, sem einnig varðveitir gömlu nefnifallsmyndina *sjá*, hefur aftur á móti unglegustu einkennin þar sem skrifari hennar er sá eini sem notar nýju hvorugkyns eintölu eignarfallsmyndina *þessara* í stað *þessa* og hugsanlega kvenkyn eignarfall eintölu *þessarar* í stað *þessar*. Nánast óhugsandi er að þessar þríkvæðu myndir hafi verið til staðar í forriti Ormsbókarskrifara en þær birtast ekki í hinum handritunum tveimur. Hér mun skrifari Ormsbókar aðlagð gamlar orðmyndir sem voru til staðar í þeim texta sem hann var að skrifa upp að sínu eigin máli.

## 7. Óákveðna fornafnið *engi*

### 7.1. Breytingar á beygingu óákveðna fornafnsins *engi*

Beyging óákveðna fornafnsins *engi* hefur breyst nokkuð frá elstu íslensku. Bæði Björn K. Þórólfsson (1925:50-52) og Katrín Axelsdóttir (2006: 165-183) hafa fjallað um beygingu þess og breytingar.

*Engi* mun upphaflega verið samsett úr *einn* og óbeygjanlega viðskneytinu - *gi*. Fyrri hluti orðsins hefur þá beygst en sá síðari, *gi*, verið óbeygjanlegur. Snemma fékk fornafnið lýsingarorðabeygingu en hún gat, líkt og Katrín nefnir og sjá má í handbókum, oft og tíðum orðið fremur fjölbreytileg.<sup>8</sup> Í *töflu 11* hér fyrir neðan eru aðeins algengustu beygingarmyndir fyrir hvert fall gefnar upp. Beygingarmyndir sem tekið hafa breytingum eru feitletraðar og nýjar myndir sem koma hér við sögu eru gefnar upp á eftir örvunum, einnig feitletraðar.

#### EINTALA

	KK	KVK	HK
NF.	<b>engi</b> → <b>enginn</b>	<b>engi</b> → <b>engin</b>	<b>ekki</b> → ekkert
ÞF.	<b>engi</b> → <b>engan</b>	enga	<b>ekki</b> → ekkert
ÞGF.	engum	engri	engu
EF.	einskis	engrar	einskis

#### FLEIRTALA

NF.	engir	engar	<b>engi</b> → <b>engin</b>
ÞF.	enga	engar	<b>engi</b> → <b>engin</b>
ÞGF.	engum	engum	engum
EF.	engra	engra	engra

Tafla 11. Beyging fornafnsins *engi* og breytingar

<sup>8</sup> Noreen 1923:323. Gefur til að mynda upp 6 nefnifallsmyndir fyrir kk. et.

Breytingarnar hafa ekki átt sér stað allar í einu. Björn K. Þórólfsson (1925:50) telur myndirnar í karlkyni og kvenkyni nefnifalli eintölu *enginn* og *engin* vera frá síðari hluta 14du aldar og Katrín Axelsdóttir (2006:170) segir þær algengari í flestum ritum fram undir 16du öld. Breytingin í karlkyni þolfalli eintölu *engi* → *engan* á sér stað eitthvað fyrr eða um 1300 (Björn K. Þórólfsson 1925:50).

	<b>KK</b>	<b>KVK</b>	<b>HK</b>
<b>NF.</b>	<b>engi</b>	<b>engi</b>	<b>ekki</b>
<b>ÞF.</b>	<b>öng(v)an</b>	öng(v)a	<b>ekki</b>
<b>ÞGF.</b>	öngum	öngri	öngu
<b>EF.</b>	enskis	öngrar	enskis
<b>FLEIRTALA</b>			
<b>NF.</b>	öng(v)ir	öng(v)ar	<b>engi</b>
<b>ÞF.</b>	öng(v)a	öng(v)ar	<b>engi</b>
<b>ÞGF.</b>	öngum	öngum	öngum
<b>EF.</b>	öngra	öngra	öngra

Tafla 11. Hljóðverpt beyging *engi*.

Við hlið þessarar beygingar var til önnur beyging með rótarsérhljóðinu *ø* sem varð til við *u*-hljóðvarp. Björn K. Þórólfsson (1925:50) kallar þessa beygingu *wa*-stofna beygingu og segir hana tilkomna á 13du öld. Hún mun vera íslensk og kemur ekki fyrir í norskum handritum (Katrín Axelsdóttir 2006:169). Í mörgum tilfellum hefur hljóðvarpsvaldurinn *w* fallið brott og sést því ekki lengur þótt rótarsérhljóðið sé hljóðverpt. Hljóðverpt rótarsérhljóð birtist ekki í

öllum beygingarmyndum og stafar það af því að ekki voru alls staðar skilyrði fyrir myndun þess. Einhvern tíma snemma á 13du öld féllu *o* og *o* saman. Hér er ekki gerður greinarmunur á uppruna hljóðanna og táknið „ö“ notað yfir samfallshljóðið. Beygingin er sýnd í *töflu 11*.

Að þessu sinni var hvorugkyninu sleppt í rannsókninni þar sem erfitt reyndist að greina á milli þess í nefnifalli og þolfalli eintölu og notkunar *ekki* sem atviksorðs. Um beygingu fornafnsins í handritunum þremur, tilbrigði og breytinga verður nánar fjallað í næsta kafla.

## 7.2. Merki breytinganna í R, W og U

Engin dæmi fundust um nýju myndina *engin(n)* í nefnifalli eintölu karlkyni og kvenkyni. Kannski kemur það ekki á óvart, því eins og fram kemur í grein Katrínar Axelsdóttur er það ekki fyrr en snemma á 16du öld sem nýju myndirnar *enginn* og *engin* verða algengari en eldri myndin *engi*. Myndirnar *engin(n)* finnast þó vissulega á 14du öld (Katrín Axelsdóttir 2006:171).

Gömlu þolfallsmyndina í karlkyni eintölu, *engi*, er að finna í bæði Konungsbók og Ormsbók. Hana er ekki að finna í Uppsala-Eddu. Í Ormsbók kemur *engi* fyrir tvisvar, en nýja myndin, *engan*, fimm sinnum. Konungsbók hefur þrjú dæmi um *engi* en aðeins eitt um *engan*. Hún hefur hins vegar fjögur dæmi um hljóðverptu myndina *öngan* sem birtist hvorki í Ormsbók né Uppsala-Eddu. Yfirlit yfir karlkyns nefnifallsmyndir í eintölu má sjá í *töflu 12*.

Dæmin um karlkyn nefnifall eintölu í Uppsala-Eddu eru heldur færri en í hinum handritunum tveim, eða aðeins tvö. Í bæði skiptin er um myndina *engan* að ræða. Dæmafæð gæti valdið því að gamla myndin er ekki til staðar í Uppsala-Eddu en varasamt er að geta sér til um það og draga einhverjar ályktanir.

**KK. ÞF. ET.**

	<i>engi</i>	<i>engan</i>	<i>öng(v)an</i>
<b>R</b>	3	1	4
<b>W</b>	2	5	
<b>U</b>		2	

*Tafla 12.* Yfirlit yfir karlkyns þolfallsmyndir *engi* í eintölu í R, W og U.

Athyglisvert er að gömlu þolfallsmyndina *engi* var tvisvar að finna í Ormsbók sem annars hefur unglegustu einkennin. Sérstaka athygli vekur að þar birtist þessi forna mynd í bæði skiptin með rithætti sem gefur til kynna tvíhljóðun, þ.e. gömul beyging en yngri framburður.

(27) **R** 8v:25 Vaur. hon er *ok* vitr ok ípurul *sva* at **engi** lut ma hana leyna

**W** 22:24 Vqx. hon er vitr *ok* spurul *sva* at **eingi** lut ma hana læyna

**U:** [Sambærilegan texta vantar]

(28) **R** 17v:22 firer þvi at **ongan** man heyrþa ec lengra legia

**W** 39:19 fyrir þvi at **eingi** mann hæyrða ek lengra legia

**U:** [Sambærilegan texta vantar]

Hugsanlega hefur Ormsbókarskrifari bæði þekkt til og skilið myndina *engi* en að öllum líkindum hefur hann sjálfur haft myndina *engan* í sínu máli. Sennilegt er þá að notkun hans á *engi* í þolfalli sé runnin frá forriti hans en nær óhugsandi er að hann hafi skipt út nýrri mynd fyrir gamla. Þetta fær frekari stuðning af dæmi



úr Konungsbók þar sem Konungsbókarskrifari notar þolfallsmyndina *engi* á sama stað og Ormsbókarskrifari. Þá má nefna að skrifari Konungsbókar notar gömlu myndina á stað þar sem bæði skrifari Uppsala-Eddu og Ormsbókar hafa valið yngri myndina.

(29) **R** 11v:28-28 vtroligt mun þykkia at **engi** knut fekk hann leyft. ok **engi** alar endan hreypt.

**W** 28:13 otrolíkt mun þykkia at **engan** knut fekk hann læyftt ok **engan** alar endann hrært

**U** 25:26 otruligt er þat at legia at **engan** knut feck hann leyft.

Athygli vekur að Konungsbók er eina handritið sem inniheldur dæmi um *u*-hljóðvarpsbeygingu, ef frá er talið eitt dæmi í Ormsbók. Samkvæmt Katrínu Axelsdóttur birtist *u*-hljóðvarpsbeygingin ekki í norskum handritum. Þetta mun vera eitt af því sem aðgreinir íslensk og norsk handrit (Katrín Axelsdóttir 2006:169). Því er líklegt að dreifing *u*-hljóðvarpsmynda og óhljóðverþra mynda hafi verið mállýskubundin á Íslandi. Hafi svo verið er hugsanlegt að Konungsbókarskrifari hafi ekki verið frá sama málsvæði og Ormsbókar- og Uppsalaskrifarinn. Í dæmi (30) sést til að mynda hvernig Konungsbókarskrifari hefur valið hljóðverþta mynd í þolfalli karlkyni eintölu á meðan skrifara Ormsbókar og Uppsala-Eddu hafa yngri gerð óhljóðverþtu myndarinnar.

(30) **R** 23r:22 þorr vill firer **ongan** mun bila at koma til einvigif

**W** 50:2 Þorr vill fyrir **engan** mun bila at koma

**U** 39:9 þor vill fyrir **engan** mun bila at koma til einvigif

Ef marka má þessi dæmi, (29) og (30), virðist vera sem *u*-hljóðverpta myndin hafi verið samkvæmt máli Konungsbókarskrifara og gamla myndin *engi* sé runnin frá forriti hans. Sennilega hefur hann þó kannast við og skilið gömlu myndina þar sem hann sá ekki alltaf ástæðu til að laga hana að sínu máli. Hefði hann uppfært hana hefði hann að öllum líkindum sett hljóðverpta mynd í staðinn en það virðist hann einmitt hafa gert að minnsta kosti einu sinni, sbr. dæmi í (31).

(31) **R** 17v:22 firer þi at **ongan** maN heyrþa ec lengra legia

**W** 39:19 fyrir þvi at **eingi** mann hæyrða ek lengra legia

**U:** [Sambærilegt dæmi vantar]

Þó að skrifari Konungsbókar hafi jafnan valið annað hvort hljóðverpta mynd þolfalls karlkyns eintölu eða gömlu óhljóðverptu myndina *engi* mátti í einu tilfelli finna nýrri óhljóðverptu myndina *engan*. Dæmið er merkilegt fyrir þær sakir að í sambærilegum texta í Ormsbók kemur eldri myndin fyrir, en þó með merki um tvíhljóðun.

(32) **R** 14r:4 Nu ætla ec **engan** kuna þer sana at legia fra þesi ferð þorí

**W** 32:19-18 Nu ætla ek at **eingi** kunní þer frammar at legia fyrir þessi ferð  
þorí

**U:** [Sambærilegt dæmi vantar]

Eins og fyrr var sagt brá hljóðverptri mynd einu sinni fyrir í Ormsbók. Þetta eina dæmi sker sig frá Konungsbók að því leyti að það sýnir hljóðvarpsvaldinn,

*v*, en það gerir Konungsbók ekki. Sambærilegt dæmi í Uppsala-Eddu hefur óhljóðverpta mynd.

(33) **R** 34v:15 *lagði hon honum at hagní vildi onga lætt*

**W** 79:3 *lagði h[ann ] honum a[t] hogní villdi ongua læ[tt]*

**U** 81:12 *faþer hennar uill enga sætt ok það hann bvaz*

Ekki er gott að segja til um hvernig þessi mynd er tilkomin í Ormsbók. Vera má að skrifari hafi haft þetta framburðareinkenni í máli sínu en einnig getur verið að hann hafi fengið orðmyndina úr forriti. Þess ber að geta að að svo búnu er lítið vitað um dreifingu þessar mismunandi beygingarmynda í íslenskum handritum svo fátt verður sagt um hana með vissu í bili.

### 7.3. Vitnisburður annarra handrita um breytingar á beygingu *engi*

Í elstu handritum er ekki að finna nefnifallsmyndina *engin(n)*, hvorki í karlkyni né kvenkyni. Ekki er heldur að finna karlkyns þolfallsmyndina *engi*. Hljóðverptar myndir eru til við hlið óhljóðverptra, en þær hljóðverptu munu vera íslenskt fyrirbrigði og koma ekki fyrir í norskum handritum (Katrín Axelsdóttir 2002:160). Lítið er vitað um dreifingu *wa*-stofna beygingarinnar í íslensku. Hún mun þó vera þekkt í elstu íslenskum handritunum (Katrín Axelsdóttir 2002:160). Samkvæmt Birni K. Þórólfssyni (1925:50) kemur hún oft fyrir í Fríssbók, AM 45 fol. frá fyrri hluta 14du aldar. Þar er hún alltaf *v*-laus líkt og í Konungsbók.

Í Morkinskinnu, GKS 1009 fol. frá um 1275, er nokkuð um að fornafnið sé bundið. Í þeim tilvikum í nefnifalli þar sem fornafnið er ekki bundið er aðeins að finna gömlu kvenkyns og karlkyns *engi* í eintölu. Nýja myndin,

*engin(n)*, var ekki til staðar. Ekki var heldur að finna karlkyns þolfallsmyndina *engan* í eintölu en hljóðverpta myndin *öng(v)an* kom níu sinnum fyrir óbundin. Þá var einnig nokkuð um hljóðverptar myndir í öðrum föllum, þar sem það var mögulegt (Alex Speed 2010a:446-448).

Í AM 519 a 4to, frá seinni hluta 13du aldar, er aðeins að finna gömlu karlkyns og kvenkyns nefnifallsmyndina *engi*. Nýja myndin *engin(n)* kemur ekki fyrir. Eitt dæmi var um karlkyn þolfall eintölu *engi* en 6 dæmi bæði um *engan* og hljóðverptu myndina *öngan*. Bæði hljóðverptar og óhljóðverptar myndir fornafnsins koma fyrir en þær hljóðverptur eru heldur algengari (de Leeuw van Weenen 2009:129).

Í Möðruvallabók, AM 132 fol. frá seinni hluta 14du aldar, er nefnifallsmyndin *engi* ráðandi. Nýja myndin *engin(n)* kemur ekki fyrir. Í þolfalli karlkyns er nýja beygingarmyndin *engan* mun algengari en gamla myndin *engi*. Hún kemur fyrir 78 sinnum en gamla myndin aðeins 5 sinnum. Hljóðverptar myndir koma fyrir en eru mun sjaldgæfari en óhljóðverptar (de Leeuw van Weenen 2000:201-214).

Þegar kemur fram á 16du öld vísar gamla nefnifallsmyndin *engi* fyrir hinni nýju *engin(n)*. Í Nýja Testamenti Odds Gottskálkssonar frá 1540 (Jón Helgason 1929:80) er nýju myndirnar í karlkyni og kvenkyni nefnifalli eintölu *engin(n)* ráðandi. Aðeins eitt dæmi er um gömlu karlkyns nefnifalls eintölumyndina *engi*. Í karlkyni þolfalli eintölu, sem og öðrum föllum þar sem þess er kostur, eru myndirnar jafnan hljóðverptar „onguan“, „aunguann“, en eitt dæmi er um óhljóðverptu myndina *enguan*. Í Guðbrandsbiblíu frá 1584 er bæði að finna hljóðverptar og óhljóðverptar beygingar fornafnsins. Í óhljóðveptum beygingarmyndum í karlkyni og kvenkyni eintölu nefnifalli er

myndin *engin(n)* ráðandi en á stökum stað er að finna leifar af gömlu myndinni *engi* (Bandle 1956:372–374).

#### 7.4. Niðurstöður um breytingarnar í handritunum þremur

Helsti munurinn á handritunum þremur hvað varðar beygingu óákveðna fornafnsins *engi* liggur annars vegar í rótarsérhljóði fornafnsins og hins vegar í þolfallsmynd karlkyni eintölu. Í Konungsbók eru orðmyndirnar jafnan hljóðverptar þegar þess er kostur en í Ormsbók og Uppsala-Eddu eru þær óhljóðverptar ef frá er talið eitt dæmi í Ormsbók. Ætla má að í forriti Konungsbókar hafi orðmyndirnar að jafnaði ekki verið hljóðverptar og hljóðverptu myndirnar séu þá dæmi um málfar Konungsbókarskrifara. Þessi ályktun er byggð á því að hljóðverptar orðmyndir koma ekki fyrir í Ormsbók og Uppsala-Eddu, ef frá er talið eitt dæmi í Ormsbók, og að í nokkrum tilfellum koma fyrir óhljóðverptar myndir í Konungsbók þar sem hljóðverptar myndir hefðu geta komið til greina.

Ekkert handritanna sýndi merki um nýju nefnifallsmyndina í karlkyni og kvenkyni eintölu en öll hafa þau dæmi um karlkyn þolfall eintölu *engan*. Gamla þolfallsmyndin, *engi*, kemur og bæði fyrir í Konungsbók og Ormsbók. Sennilegt er að forrit handritanna hafi að jafnaði haft gömlu karlkyns þolfallsmyndina *engi* og nýja myndin *engan* sé samkvæmt máli skrifaranna sem skrifuðu upp textann.

Aftur er það Ormsbókarskrifarinn sem sýnir mestu tilhneiginguna til að skrifa yngra mál. Jafnvel þó hann riti tvisvar gömlu karlkyns þolfallsmyndina *engi* þá sýnir hann ungleg einkenni með rithætti sem gefur til kynna tvíhljóðun, þ.e. hann ritar „eingi“. Konungsbók virðist aftur á móti vera fornlegust þar sem hún inniheldur flest dæmi af gamla þolfallinu *engi* en í raun er dálítið erfitt að segja til um það þar sem fjöldi dæma af *öngan* er svipaður og svo að lítið er

vitað um dreifingu þeirra íslensku. Uppsala-Edda getur vart talist samanburðarhæf að þessu leyti þar sem aðeins tvö þolfallsdæmi fundust í texta hennar.

## 8. Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið litið á tilbrigði í málfari í þremur 14du aldar handritum Snorra-Eddu. Lagt var upp með tvær rannsóknaspurningar og eru þær endurteknar hér til þæginda:

- (1) a. Notaði 14du aldar skrifari sitt eigið málfar þegar hann skrifaði upp gamalt handrit eða fylgdi hann því máli sem var á forritinu? Hvað gerði hann þegar hann rakst á gamlar orðmyndir sem hann þekkti ekki úr sínu eigin máli? Skrifaði hann þær samviskusamlega upp eða reyndi hann að túlka þær og laga að sínu eigin máli?
- b. Hvaða ályktanir má draga af samanburði varðveittra handrita Snorra-Eddu um málið á forriti þeirra?

Til að svara spurningunum voru fjórar málbreytingar teknar til athugunar. Í 3. kafla var fjallað um ritháttarbreytinguna „vá“ > „vo“. Þar kom í ljós að ekkert handritanna þriggja, GKS 2367 4to, AM 242 fol. og DG 11 4to, sýndi áreiðanlegt merki hennar. Handritin sýndu þó athyglisverðan mun á málfari hvað varðar þátíð framsöguháttar sagnarinnar *vera* og kvenkynsnafnorðsins *ván*. Í báðum þessara tilvika hafa verið til tvímyndir, þ.e. *vár-* og *vór-* fyrir þátíð framsöguháttar fleirtölu sagnarinnar *vera* og *ván* og *vón* fyrir kvenkynsnafnorðið *ván*. Skrifarar allra handrita kusu fremur *vór-* stofn sagnarinnar *vera* í þátíð fleirtölu framsöguháttar en stofninn *vár-* mátti þó finna í einstökum dróttkvæðum vísum. Þá skiptust handritin í tvo hópa þegar kom að kvenkynsnafnorðinu *ván*. Skrifari Konungsbókar og skrifari Ormsbókar kusu jafnan myndina *vón* en skrifari Uppsala-Eddu notaði ávallt myndina *ván*. Þetta

vekur athygli þar sem Uppsala-Edda er því ekki aðeins frábrugðin Konungsbók og Ormsbók hvað varðar lengd og orðalag heldur einnig hvað varðar málfar. Af samanburði handritanna má ætla að forrit allra handrita hafi haft myndina *ván* og myndin *vón* sé í takt við málfar skrifara Konungsbókar og Ormsbókar en í báðum handritunum brá fyrir myndinni *vón*. Þá kom einnig í ljós að skrifari Konungsbókar virðist á nokkrum stöðum varðveita aðgreiningu *ó* og *á*. Þessar leifar af aðgreiningu geta aðeins verið ættaðar úr forriti skrifarans en 14du aldar skrifarar hafa ekki haft þessa aðgreiningu í máli sínu.

Í 4. kafla var stuttlega fjallað um tvíhljóðun *e* á undan *ng*. Aðeins Ormsbókarskrifari sýndi merki um þessa breytingu og þegar hann gerði það var það eingöngu í nefnifalli og þolfalli óákveðna fornafnsins *engi*. Ósennilegt er að í forriti skrifara Ormsbókar hafi verið merki um tvíhljóðun og er þetta því gott dæmi um að skrifari aðlagi orðmyndir að sínum eigin framburði.

5. kafli fjallaði um beygingu ábendingarfnafnsins *sjá* og breytingar á henni, en skrifararnir kusu ávallt fremur eldri beygingarmyndir fornafnsins, nema í nefnifalli karlkyns og kvenkyns. Þar var myndin *þessi* mun algengari en myndin *sjá*. Gömlu myndinni *sjá* brá þó fyrir. Við samanburð textabrota kom í ljós að í sumum tilfellum virðast skrifarar ekki hafa skilið gömlu orðmyndina og túlkað hana sem ábendingarfnafnið *sá*. Jafnvel var dæmi um að ábendingarfnafninu væri algerlega sleppt úr setningu. Þetta virðist benda til þess að myndin *sjá* hafi þótt fornleg þegar á 14du öld. Ætla má að myndin *sjá* hafi verið algengari í forritum skrifaranna en varðveittum handritum en ekki er útilokar að í forritunum hafi verið einhver blanda af nefnifallsmyndunum *sjá* og *þessi*. Hvað varðar önnur föll fornafnsins þá var skrifari Ormsbókar sá eini sem notaði nýju hvorugkyns fleirtölu eignarfallsmyndina *þessara* í stað *þessa* og hugsanlega kvenkyn eintölu eignarfall *þessarar* í stað *þessar*. Mjög ólíklegt er að



Þessar myndir hafi verið í forriti skrifara enda einungis eitt dæmi um hvora þeirra í Ormsbók og ekkert í hinum handritunum tveimur.

6. kafli fjallaði um beygingu óákveðna fornafnsins *engi*. Helsti munurinn á handritunum lá annars vegar í rótarsérhljóðinu og hins vegar í þolfallsmynd karlkyns eintölu. Í Konungsbók voru orðmyndir jafnan hljóðverptar þegar þess var kostur en óhljóðverptar myndir komu einnig fyrir. Sennilegt er að hljóðverptar myndir hafi verið í samræmi við skrifara Konungsbókar og að í forriti hafi myndir verið óhljóðverptar. Í þolfalli karlkyns sýndi Konungsbók fornlegustu einkennin en hún innihélt flest dæmi af gamla þolfallinu *engi*. Skrifari Ormsbókar hafði tvö dæmi um *engi* í þolfalli, en í bæði skiptin kom þar fram tvíhljóðun, þ.e. eldri beyging en yngri framburður. Þá er líklegt að *engi* hafi verið ráðandi mynd í karlkyni þolfalli eintölu í forritum handritanna.

Niðurstöður gefa því til kynna að þegar 14du aldar skrifarar skrifuðu upp eldri handrit þá notuðu þeir sambland af sínu eigin máli og máli þess forrits sem þeir afrituðu. Þegar þeir rákust á gamlar orðmyndir sem voru þeim framandi aðlöguðu þeir þær ýmist að framburði sínum, gerðu tilraun til að færa þær nær eign málfari eða tóku þær upp óbreyttar. Líklega hafa þeir þó haft minni tilhneigingu til að breyta orðmyndum sem þeir könnuðust við heldur en myndum sem voru þeim algjörlega framandi. Þá virðast þeir tregari til að breyta fornlegri beygingu orða en framburði. Þetta sést til að mynda hjá skrifara Ormsbókar sem ritar þolfallsmyndina *engi* í nefnifalli, á sama tíma og ritháttur orðmyndarinnar gefur til kynna framburð með tvíhljóði. Þá virðist á sumum stöðum glitta í málfar forrita handritanna þriggja. Leifar af aðgreiningu *ó* og *á*, notkun kvenkyns og karlkyns nefnifallsmyndarinnar *sjá* í eintölu sem og notkun karlkyns þolfallsmyndar *engi* í eintölu má að öllum líkindum rekja til forrita handritanna.

Sé tekið mið af öllum breytingunum sem fjallað hefur verið um hér sýnir Ormsbókarskrifari unglegustu einkennin en skrifari Konungsbókar jafnan fornlegustu. Í sjálfu sér kemur það ekki á óvart því samkvæmt tímasetningum frá ONP er Ormsbók jafnan talin yngst af þessum þremur handritum. Konungsbók og Uppsala-Edda eru hins vegar taldar á svipuðu reki en dæmafæð getur valdið því Uppsala-Edda er ekki að öllu leyti samanburðarhæf.

## Ritaskrá

- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans.  
[Reykjavík.]
- Bandle, Oskar. 1956. *Die Sprache der Guðbrandsbiblíá*. Bibliotheca  
Arnarnagnæana. Ejnar Munksgaard, Kaupmannahöfn.
- Björn Guðfinnsson. 1964. *Mállýskur II Um íslenzkan framburð*. Heimspekideild  
Háskóla Íslands og Menningarsjóður, Reykjavík.
- Björn K. Þórólfsson. 1925. *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar  
þeirra úr forn málinu*. Reykjavík.
- Faulkes, Anthony útfefandi. 1985. *Codex Trajectinus: The Utrecht manuscript of  
the Prose Edda*. Rosenkilde og Bagger, Kaupmannahöfn.
- Finnur Jónsson útfefandi. 1931. *Edda Snorra Sturlusonar udgivet efter  
håndskrifterne af kommissionen for det arnamagnæanske legat*.  
Gyldendalske Boghandel og Nordisk Forlag, Kaupmannahöfn.
- \_\_\_\_\_. 1973. *Den Norsk-Íslandske Skjaldedigtning B Første bind*. Rosenkilde og  
Bagger, Kaupmannahöfn.
- Grape, Anders útfefandi. 1962. *Snorre Sturlasons Edda Uppsala-Handskriften  
DG 11*. Almqvist & Wiksells Boktryckeri AB, Uppsölum.
- Heimir Pálsson útfefandi. 2003. *Snorra-Edda*. Mál og menning, Reykjavík.
- Hreinn Benediktsson. 1972. *The First Grammatical Treatise*. Ritstjóri Hreinn  
Benediktsson. Institute of Nordic Linguistics, Reykjavík.
- \_\_\_\_\_. 2002. Relational Sound change: *vá* > *vo* in Icelandic. *Linguistic Studies  
Historical and Comparative*, bls. 227-242. Ritstj. Guðrún Þórhallsdóttir,  
Höskuldur Þráinsson, Jón G. Friðjónsson og Kjartan Ottosson. Institute  
of Linguistics, Reykjavík.

- Iversen, Ragnvald. 1972. *Norrøn grammatikk*. H. Aschehough & Co. [Endurpr. 2007 af Pensumtjeneste A/S]
- Íslensk bókmenntasaga I. 2006. Ritstjóri Vésteinn Ólason. Mál og menning, Reykjavík.
- Johansson, Karl G. 1997. *Studier i Codex Wormianus: skrifttradition och avskriftsverksamhet vid ett i isländskt skriptorium under 1300-talet*. Acta Universitatis Gothoburgensis, Gautaborg.
- Jón Helgason. 1926. *Ortografien i AM 350 fol.* Aschehough, Oslo.
- \_\_\_\_\_. 1929. *Málið á Nýja Testamenti Odds Gottskálkssonar*. Safn Fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga, Kaupmannahöfn.
- \_\_\_\_\_. 1962. Reykjabók AM 468 4to. Manuscript Islandica 6. Munksgaard, Kaupmannahöfn.
- Katrín Axelsdóttir. 2004. Saga ábendingarfornafnsins *sjá*. *Íslenskt mál* 25: 41-77.
- \_\_\_\_\_. 2006. Myndir af *engi*. *Hugvísindabing* 2005:165-182. Ritstj. Haraldur Bernharðsson, Margrét Guðmundsdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Þórdís Gísladóttir.
- Kjeldsen, Alex Speed. 2010a. *Et mørkt håndskrift og dets skrive. Filologiske studier i kongesagahåndskriftet Morkinskinna*. Ph.d.-afhandling. Nordisk Forskningsinstitut, Københavns Universitet.
- \_\_\_\_\_. 2010b. Bemærkninger til pronomen *sjá* og dets middelalderlige historie. *Opuscula* 13:243-287. Museum Tusulanum Press, Kaupmannahöfn.
- Larsson, Ludvig. 1891. *Ordförrådet i de älsta isländska handskrifterna*. Lundska Universitetet, Lund.
- de Leeuw van Weenen, Andrea. 2000. *A Grammar of Möðruvallabók*. Research School CNWS, Universiteit Leiden, Leiden.
- \_\_\_\_\_. 2009. *Alexanders saga : AM 519a 4to in the Arnarnagnæan Collection, Copenhagen*. Museum Tusulanum Press, Kaupmannahöfn.

- Noreen, Adolf. 1923. *Altisländische und altnorwegische grammatik*. Halle (saale).  
Max Niemeyer Verlag Tübingen. [Endurprenturn Max Niemeyar Verlag  
Tübingen 1970]
- ONP = *Ordbog over det Norrøne prosasprog*.
- Ordbog over det Norrøne prosasprog. Registre*. 1989. Den arnamagnæanske  
kommissio Kaupmannahöfn.
- Íslenskt textasafn*. Ritstýrt af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.  
Sótt 15. mars 2011 af [www.lexis.hi.is/corpus/leit.pl](http://www.lexis.hi.is/corpus/leit.pl).
- Sigurður Nordal útgefandi. 1931. *Codex Wormianus (The Yonger Edda) Ms. No.  
242 fol in the Arnamagnean Collection in the University Library of  
Copenhagen*. Levin & Munksgaard, Kaupmannahöfn.
- Stefán Karlsson. 1989. Tungan. *Íslensk þjóðmenning VI Munnmentir og  
bókmenning* bls. 1-54. Ritst. Frosti F. Jóhansson. Bókaútgáfan Þjóðsaga,  
Reykjavík.
- Wessén, Elias útgefandi. 1940. *Codex Regius of the Yonger Edda: introduction  
to Corpus Codicum Islandicorum medii aevi, vol XIV*. Einar Munksgaard,  
Kaupmannahöfn.